

35. árg., 2. töl. 2003

VERNDARBLAÐIÐ

UM AFBROT, FANGA OG FANGELSISMÁL



**...meðferð og
refsingar
vímuefnaneytenda**

**Á skólabekk í
fangelsi**

**Vinna í fangelsum
– til hvers?**

Úgefandi: Félagasamtökin Vernd
Skúlatúni 6, sími 562 3003, fax 562 3004
Netfang: vernd@vernd.is
Heimasíða: www.vernd.is

Ábyrgðarmaður og ritstjóri:
Sr. Hreinn S. Hákonarson

Ritnefnd:
Hreinn S. Hákonarson, ritstjóri
Ingibjörg Briem
Smári Arnfrjörð Kristjánsson

Stjórn Verndar:
Hreinn S. Hákonarson, formaður,
fangaprestur þjóðkirkjunnar
Hafðís Hansdóttir, bankastarfsmaður
Sigríður Heiðberg, forstöðumaður
Jón Páll Hallgrímsson, ráðgjafi
Smári Arnfrjörð Kristjánsson, leigubílstjóri
Ingibjörg Briem, meðferðarfulltrúi
Ólafur Þröstur Sveinbjörnsson, kerfisfræðingur

Varastjórn:
Axel Kvaran, fulltrúi hjá Félagsþjónustunni
Snjólaug Stefánsdóttir, félagsráðgjafi
Ashildur Emilsdóttir, félagsráðgjafi
Erlingur Birgir Kjartansson, kerfisstjóri
Ævar Agnarsson, sjómaður
Elsa Dóra Grétarsdóttir, deildarstjóri
Áslaug Cassata, kaupkona

Húsnefnd áfangaheimilis Verndar:
Þráinn Bj. Faresveit, framkvæmdastjóri Verndar
Erlundur S. Baldursson, frá Fangelsismálastofnun
Sigríður Heiðberg, frá Vernd
Hallgrímur Einar Hannesson, starfsmaður Verndar
Erla Sigurðardóttir, frá Félagsþjónustunni
Pétur Sigurðsson, starfsmaður Verndar
Hreinn S. Hákonarson, formaður Verndar

Framkvæmdastjóri Verndar:
Þráinn Bj. Faresveit

Endurskoðendur:
Hannes P. Sigurðsson
Jón Ma. Ásgeirsson

Varaendurskoðendur:
Carl Brandt
Edda Gísladóttir

Prentvinnsla:
Prentmet ehf

Auglýsingar:
Markaðsmenn

Forsíðumynd:
Ræktun lands og lýðs. Melgras í fjörunni við
Óseyrantanga. Horft yfir til Eyrarbakkaþugs.
Ljósmynd: Hreinn S. Hákonarson.

Meðferðarstefna í fangelsum

VERNDARBLAÐIÐ hefur á undanförunum árum fjallað um vímuefna meðferð í fangelsum með ýmsum hætti og hvatt til þess að meðferðardeild yrði sett á laggirnar í stærsta fangelsi landsins, að Litla-Hrauni. Fyrir nokkrum misserum var sú vinna langt komin af hálfu fangelsisvirkja en fór úr liðnum af ástæðum sem verða ekki raktar hér og var því ákveðið að slá henni á frest m.a. vegna krafna stjórnvalda um að ríkisstofnanir héldu að sér höndum í framkvæmdum. Það er hins vegar auðvitað álitamál hvort ætíð sé sparað á réttum stöðum af hendi hins opinbera.

Öllum þeim er koma að fangelsismálum og ekki síst þeim er starfa inni í fangelsunum sjálfum er ljóst að stór hluti fanga glímur við vímuefnavanda sem mikilvægt er að taka á með faglegum hætti á sérstakri meðferðardeild. Margir þeirra sem koma í fangelsi eru langt leiddir vímuefnaneytendur sem þurfa á meðferð að halda til að koma lífi sínu í réttan farveg. Sumir fangar leitast við að taka á vanda sínum með því að sækja AA-fundi innan fangelsanna.

Vímefnavandi fanga er heilsufarsvandamál sem illt er að eiga við á venjulegum fangelsisdeildum. Svo sem kunnugt er þá er ólöglegum vímuefnum iðulega smyglað inn í fangelsi og skyldi engan undra í sjálfu sér enda er þar markaður fyrir hendi. Fangelsi lýtur sömu markaðslögmálum eins og hvaðeina í samfélaginu. Skyndileitir í fangelsum að vímuefnum eru tíðkaðar og slá sennilega tímabundið á neyslu í fangelsum en útrýma henni aldrei og eru frumstæð leið í baráttu við vímuefni inni í fangelsum.

Í þessu blaði er afar athyglisverð grein eftir dr. Hildigunni Ólafsdóttur, afbrotafræðing, þar sem hún fjallar m.a. um vandamál við að samþætta refsingar og meðferð vímuefnaneytenda. Þar rekur hún í stórum dráttum ýmsar leiðir sem farnar hafa verið í þessum málum í öðrum löndum og má draga margvíslega lærdóma af því. Fram kemur að málið er engan veginn einfalt heldur margþætt og ýmsir óvissuþættir sem taka verður á af fullu raunsæi. Hún telur líka að ýmislegt bendi til þess að vímuefnaneytendur muni sjálfir í vaxandi mæli þrýsta á yfirvöld og opinberar stofnanir um þjónustu og meðferð. Sú hugsun er nefnilega þrátt fyrir allt ofarlega í huga mjög margra vímuefnaneytenda að þeir þurfi á hjálp að halda og ekki síst þegar þeir eru í fangelsi. Hér má og bæta við að aðstandendum fanga er mikið í mun að á málum þessum sé tekið með faglegum hætti.


Menntun er lykill að ýmsu í samfélaginu og þarf ekki að hafa mörg orð um það í sjálfu sér. Margir fangar hafa af ýmsum ástæðum flosnað upp úr skólakerfinu og ekki lokið námi. Skólahald í fangelsum hefur reynst vel og kemur til móts við þarfir margra fanga sem og samfélagsins. Það kemur og fram í þessu blaði í viðtali við kennslustjórann á Litla-Hrauni að stakkaskipti urðu í skólahaldinu í fangelsinu þar þegar vímuefni urðu útlæg ger úr skólanum enda fara fráleitt saman nám og neysla. Líklegt er að mun fleiri fangar myndu sækja skóla í kjölfar vímuefna meðferðar innan fangelsis. Hvort tveggja nýtur hins og er það vel.

Fangelsisvirkja verða nú strax að fullmóta meðferðarstefnu sína og taka faglega á þessum málum innan fangelsanna með því að koma upp virkri meðferðardeild á Litla-Hrauni. Það er vissulega vandasamt verk og ýmar leiðir koma til greina sem kosta auðvitað sitt en þeim fjármunum er vel varið. Virk meðferð mun eflaust bjarga mörgum úr lífsháska neyslunnar og stórbæta andrúmsloftið innan fangelsanna og reynast ein hin öflugasta forvörn fyrir samfélagið allt.

Hreinn S. Hákonarson

VERNDARBLAÐIÐ

UM AFBRÖT, FANGA OG FANGELSISMÁL



...meðferð og
refsingar
vímuefnaneytenda

Á skólabekk í
fangelsi

Vinna í fangelsum
– til hvers?

Norræn sjónarhorn á meðferð og refsingar vímuefnaneytenda

Inngangur

Markmiðið með þessari grein er að fjalla um vandamál við að samþætta refsingar og meðferð vímuefnaneytenda. Þótt fíkniefnavandamál séu talin meðal viðfangsefna íslenska þjóðfélagsins og þess vegna staðbundin hefur málaflokkurinn margar norrænar og alþjóðlegar hliðar. Þrátt fyrir ólíka stefnu í fíkniefnamálum og mismunandi refsilöggjöf og lagaframkvæmd á Norðurlöndum hafa þarfir vímuefnaneytenda og úrræði refsivörslukerfisins fengið töluverða umfjöllun á norrænum vettvangi. Hugmyndir um viðbrögð og úrræði berast á milli faghópa, stjórnmalamanna, almennings og neytenda efnanna. Norðurlöndin hafa með sér margs konar samstarf á sviði vímuefnarannsóknna og afrakstur slíks samstarfs birtist t.d. í riti sem NAD norræna rannsóknarnefndina á sviði vímuefna gaf út árið 2001 (Hildigunnur Ólafsdóttir 2001).

Þar sem neysla eða varsla fíkniefna er bönnuð með lögum leiðir varslan óhjákvæmilega til refsinga. Rökin fyrir banni á fíkniefnum eru byggð á hættueiginleikum efnanna og áhættu sem neysla þeirra er fyrir heilsu, fíkn og félagsleg samskipti. Slíkum upplýsingum þarf því að koma til hugsanlegra neytenda og fræðsla og forvarnir hafa því verið miðlægir þættir í norrænni fíkniefnastefnu. Meðferð, aðhlyning og líkn hafa verið aðgerðir til að hefta frekari skaðsemi fíkniefna. Þannig má segja að viðbrögð samfélagsins við fíkniefnum séu byggð á óvenjubreiðum grunni og feli í sér samþættingu eftirlits og refsinga, upplýsinga og fræðslu svo og meðferðar og hjálpar-tilboða.

Hliðstæðurnar meðferð og refsing

Hugtakaparið refsing og meðferð er sigilt viðfangsefni. Í grundvallaratriðum byggjast hugtökin á tveimur ólíkum líkönum, ágreiningslíkani og samræmingarlíkani. Norski lög- og félagsfræðingurinn Vilhelm Aubert (1958) var meðal þeirra fyrstu sem varaði

við því að blanda þessum tveimur líkönum saman. Hann taldi þau ósamrýmanleg þar sem þau byggjast á ólíkri hugmyndafræði, annars vegar væri um að ræða lögfræðilega og hins vegar læknisfræðilega hugsun. Með því að samtengja líkónin taldi hann kosti hvors líkans um sig glatast. Þetta sjónarmið setti hann fram sem andsvar við hinni svokölluðu meðferðarstefnu sem hafði markað viðurlagakerfi norrænu landanna frá upphafi tuttugustu aldar og allt fram yfir miðja síðustu öld. Þessi gagnrýni hafði mikil áhrif og leiddi til þess að úrræðum í refsivörslukerfinu sem töldust til meðferðar fækkaði á seinni hluta aldarinnar. Aðrir telja að meðferð og refsing séu hlutar af sömu heild og hafa sýnt fram á það að refsing hefur gildi sem meðferð fyrir einn en annar upplifir meðferðina sem refsingu (Svensson, 2001). Nú hefur meðferðarhugmyndin aftur fengið byr undir báða vængi og er á leið inn í refsivörslukerfið. Margar ástæður eru fyrir því eins og síðar verður vikið að. Veruleikinn er sá, að marga þeirra, sem eru verulega háðir vímuefnum og hafa skaðað sjálfa sig með neyslunni, er ekki að finna á heilbrigðisstofnunum heldur á lögreglustöðvum, í dómsölum og fangelsum. Starfsfólk réttarvörslukerfisins stendur því frammi fyrir viðfangsefnum sem að öðru jöfnu hafa verið verkefni félagsþjónustu og heilsugæslu.

Á Norðurlöndum hefur það sjónarmið verið ráðandi að fíkniefnaneytendur, líka þeir sem eru brotlegir, hafi aðgang að sömu heilbrigðis-, meðferðar- og endurhæfingaráðgjöf og stendur öllum öðrum þjóðfélagsþegnum til boða, eftir því sem hægt er að koma henni við. Þetta grundvallaratriði hefur samt ekki hindrað að ýmiss konar meðferðarúrræði hafa verið þróuð sérstaklega fyrir dæmda vímuefnaneytendur. Meðferð sem er stjórnað af refsivörslukerfinu, ýmist af lögreglu, dómstólum eða fangelsis-yfirvöldum er að verða yfirgripsmeiri í öllum norrænu löndunum. Þessi þróun er ekki bundin við Norðurlöndin heldur virðist hún vera alþjóðleg. Alþjóðaheilbrigðismála-

stofnunin hefur lýst því yfir að lög um meðferð fyrir misnotendur séu ófullkomin, ef ekki er gert ráð fyrir því að refsivörslukerfið geti beint þeim í meðferð (Porter, Angandona & Curran 1999). Í mörgum löndum er að finna löggjöf um að meðferð misnotenda geti komið í stað málsmeðferðar fyrir dómi og fangelsisvistar eða samhliða refsingu og víða er verið að gera tilraunir til að mæta meðferðarþörf með því að tengja saman viðurlög og mismunandi form meðferðar.

Ein af ástæðunum fyrir þessari þróun felst í jákvæðari viðhorfum til einstaklingsbundinna inngripa eins og meðferð í þessu sambandi er oft skilgreind. Þessi viðhorfsbreyting og aukin bjartsýni á árangur meðferðar er á vissan hátt byggð á nýrri þekkingu. Á síðustu 10-15 árum hafa rannsóknarniðurstöður eindregið verið í þá átt að meðferðarúrræði hafi áhrif í þá veru að draga úr neyslu og auka lífsgæði. Þrátt fyrir það að fólk er sammála um að meðferðin geri gagn, hefur ekki tekist að sýna fram á hvers konar meðferð skilar mestum árangri. Markhóparnir eru ólíkir og hafa mismunandi þörf fyrir hjálp og stuðning. Í mörgum löndum Evrópu hefur verið komið á fót meðferðarúrræðum fyrir heróín-neytendur þar sem þeir fá metadón eða buprenorfiniskammta undir eftirliti í stað þess að kaupa ólöglegt heróín. Niðurstöður úr rannsóknum á þessum úrræðum hafa verið einróma og sýnt að þessar aðgerðir hafa dregið úr neyslu þeirra sem eiga kost á þessum úrræðum og aukið lífsgæði þeirra. Þessar niðurstöður hafa breytt viðhorfum til lyfjaméðferðar og árangurs og hafa haft áhrif í þá átt að viðhorf til lækni-meðferðar hafa orðið jákvæðari sem er þá á kostnað sálfræðilegrar meðferðar og félagslegra úrræða.

Í umræðu um hinar æskilegu hliðar meðferðar hefur í vaxandi mæli verið gerð sú krafa að þau meðferðarúrræði sem notuð eru séu gagnreynd. Slíkar kröfur geta tafið fyrir nýbreytni ef engu má breyta fyrr en búið er að sýna fram á óyggjandi kosti nýrrar



Hildigunnur Ólafsdóttir.

meðferðar. Hugsanlega verða slíkar kröfur þó til þess að hvetja til þess að gerðar eru rannsóknir innan refsörslusviðsins. Þar er lítil hefð fyrir því að biðja eftir rannsóknarniðurstöðum áður en refsingar við einstökum brotum eru þvingdar eða mildaðar.

Skýringuna á uppsveiflu meðferðarhugmyndanna má líka finna í stöðu fíkniefnamála. Bann, umfangsmikil tollgæsla og lögregluftirlit með fíkniefnum hafa ekki megnað að koma í veg fyrir neyslu fíkniefna. Alls staðar á Norðurlöndum er þróunin sú sama, þótt tilraunaneyslan aukist ekki mikið, hefur þeim sem nota vímuefni að staðaldri fjölgað. Stöðugt fleiri telja að fíkniefnastríðið sé tapað og flestar þjóðir eru að leita leiða út úr þeim herferðarhugsunarhætti sem mótaði orðræðuna um fíkniefnamál. Líkingamálið úr herfræðunum er að hverfa og í þess stað mun fræðsla og meðferð verða hluti af orðræðunni. Þessi orðræða er hafin í mörgum löndum Evrópu og er að fara að stað hér á landi.

Sú ögrun sem fylgir breyttri sýn á fíkniefnavandann snertir verkaskiptingu á milli lögreglu, félagsþjónustu og heilbrigðiskerfis. Þar sem lögreglan er sá opinberi aðili sem fíkniefnaneytendur kynnast fyrst, hefur hún tækifæri til að hafa áhrif á áframhaldandi þróun. Margir möguleikar eru á að breikka verkvið lögreglu og gera hana að virkum þátttakanda í forvörnum og tengilið hjálpar- og stuðningsúrræða. Slíkar tilraunir hafa verið gerðar á undanförunum árum í Kaupmannahöfn, Malmö, Stokkhólmi, Helsingfors og víðar. Tengslin á milli meðferðar og eftirlits geta samt verið flókin. Lögreglumenn eru ekki félagsráðgjafar og félagsráðgjöfum er ekki ætlað að sinna löggæslu. Sumir líta á þessa þróun sem teikn um að

meðferðarhugmyndin hafi styrkst á kostnað eftirlitsins en aðrir líta á hana sem útvíkkun eftirlitsnetsins.

Ólíkar refsiréttarhefðir en svipuð úrræði

Norræn refsiréttarhefð hefur í mismiklum mæli verið mótuð af meðferðarhugmyndum sem hafa verið byggðar á mannúð, rannsóknnum og skilvirkni. Klassíski refsirétturinn sem var ráðandi á nítjándu öld vék fyrir hinni svokölluðu meðferðarstefnu. Hún fékk mestan hljómgrunn í Danmörku og Noregi, bæði sem fræðileg hugmynd og í framkvæmd. Meðferðarstefnan hafði minni áhrif í Svíþjóð og fékk aldrei neitt sérstakt vægi í Finnlandi þar sem lögmálið um hlutfallsregluna á milli brots og refsingar hefur verið ráðandi í lögum og lagaframkvæmd. Hér á landi náði meðferðarhugmyndin ekki fót-festu, þrátt fyrir mikil dönsk áhrif á íslenska löggjöf. Sögulegur bakgrunnur fyrir endurvakningu meðferðarstefnunnar er því ólíkur í einstökum löndum Norðurlanda.

Væntingar til afbrotafræðilegra rannsókna höfðu mikla þýðingu fyrir breytingar á refsiréttarlegri hugmyndafræði og á framkvæmd, ris, hnignun og endurreisn meðferðarstefnunnar. Enn ein ástæða fyrir meðferðaráherslunum er kannski einfaldlega gleyska. Danski afbrotafræðingurinn Britta Kyvsgaard (2001) hefur varað við þeirri bjartsýni sem gætir í viðhorfum til meðferðar. Ný kynslóð faghópa man ekki ótímabundnu refsingarnar, vinnuhælin og unglíngavinnuskólana sem voru afurðir hinnar svokölluðu meðferðarstefnu. Þegar farið var ofan í kjölinn á árangri þessara stofnana kom í ljós að hann var enginn hvað varðaði brotaferil. Þessar refsingar voru ómannúðlegar og þrátt fyrir yfirskín faglegra hugtaka var innihaldið rýrt.

Ekkert norrænu landanna hefur valið samræmda stefnu í því hvernig meðferð og refsing tengist. Í Danmörku, ólíkt því sem gerist í hinum löndunum, er lítið á markmiðið með meðferð fíkniefnaneytenda sem lið í því að minnka skaðsemi af völdum fíkniefnaneyslu. Slík stefna er ekki í samræmi við hugmyndina um „land án eiturlýfja“ sem er opinber stefna hér á landi eins og í Svíþjóð. Í þeim tilvikum er meðferð einn liður í því að útiloka fíkniefni frá samfélaginu. Endurkomu meðferðarstefnunnar í Danmörku má því skoða í því samhengi að í danski fíkniefnastefnu hefur markmiðið verið að minnka skaðsemina sem vímuefnin valda fremur en að koma í veg fyrir neyslu þeirra. Danir hafa margs konar fyrirkomulag við meðferð. Þeir reka sérstakar meðferðardeildir í fangelsum, nota meðferð sem val-

kost við fangelsi og gera samninga við utan-aðkomandi meðferðaraðila sem sjá um meðferð í tilteknu fangelsi. Reynslan af þessu fyrirkomulagi hefur verið sú að meðferð stendur til boða hópum sem aldrei áður hafa verið í meðferð (Storgaard 2001).

Vegna þess hversu traustum fótum hugmyndafræðin um sanngjarnt hlutfall á milli brota og refsingar stendur, hefur meðferðarhugmyndafræðin ekki orðið útbreidd í sænsku refsivörslukerfi. Síðan 1988 hefur samt verið hægt að dæma sakborninga til að sæta eftirliti eða fara í meðferð í stað fangelsisvistar þegar augljóst þykir að skýrt samband sé á milli misnotkunar og brots. Svíþjóð hefur haft sérstöðu að því leyti að nauðungarinnlagnir eru verulega mikilvægar í meðferð sænskra vímuefnaneytenda. Innan sænska fangelsiskerfisins er samt talið mikilvægt að veita meðferð til að stemma stigu við vímuefnaneyslu en meðferðin kemur þar ekki í stað refsinga.

Þrátt fyrir sterka stöðu klassísku stefnunnar í Finnlandi hefur finnska refsivörslukerfi orðið fyrir áhrifum meðferðarhugsunar. Dæmi um það er sú breyting sem gerð var á finnsku hegningarlögunum árið 1994 og opnaði fyrir þann möguleika að saksoðnari hefur heimild til að beita niðurfellingu ákæru ef um er að ræða lítilfjórlegt brot, brotamaðurinn er ungur, sekt liggur fyrir og ákærði skuldbindur sig til meðferðar vegna eigin misnotkunar. Eitt af því sem talið er árangursríkast við þetta úrræði er betri samvinna lögreglu og félagsþjónustu.

Í Noregi eru heimildir fyrir því að bjóða misnotenda meðferð meðan á refsingu stendur, á reynslutíma og í tengslum við ákærufrestun eða skilorðsbundinn dóm, sem þátt í öryggisgæslu og með því að afplánun flyst frá fangelsi til meðferðarstofnunar eða með reynslulausn (Hauge 2001). Athyglisvert er að nánast ekkert er vítað um hvernig þessir möguleikar eru nýttir. Í Noregi var trúin á lyfjalausa meðferð lengi mjög sterk og þar hófust tilraunir með metadónmeðferð því seint og urðu ekki meðferðarúrræði á landsvísi fyrr en 1997. Síðan hefur umfang og eftirspurn eftir metadónmeðferð vaxið mjög hratt.

Sameiginlegt með þróuninni á Norðurlöndum er að fjöldi fanga sem afplánar fangelsisrefsingar fyrir fíkniefnabrot hefur vaxið og að langt leidda misnotendur er að finna í fangaklefum lögreglu og fangelsa en ekki bara á meðferðarstofnunum. Allir stjórnendur refsivistarstofnana reyna að halda fangelsum lausum við fíkniefni, áfengi og önnur vímuefni. Þess vegna hefur það orðið verkefni þeirra að bjóða fangum meðferð vegna vímuefnaneyslu. Í Danmörku hafa verið

gerðar margar tilraunir með mismunandi form meðferðarinnar. Á einstökum fangelsisdeildum eru gerðir samningar á milli fanga og fangelsisins um meðferð. Þá geta afeitrun og meðferð orðið valkostir við fangelsi og gerðir eru samningar við utanaðkomandi meðferðaraðila sem veita meðferð í fangelsi. Þátttakendur í þessari meðferð hafa verið ánægðir og slíkar tilraunir ná gjarnan til misnotenda sem ekki hafa fengið meðferð áður. Stífinner-verkefnið er einna þekktast þeirra meðferðaráætlana sem er að finna í norskum fangelsi. Í fangelsi í Svíþjóð er líka beitt mismunandi meðferðaráætlunum og í flestum finnskum fangelsi stendur föngunum til boða meðferð vegna fíkniefna-misnotkunar. Á Íslandi er reglubundið samstarf á milli Fangelsismálayfirvalda og tveggja meðferðarstofnana um að taka við föngum til meðferðar í lok afplánunar.

Ekki er ljóst hvort alls staðar er stefnt að sama markmiði með því að koma meðferð inn í refsivörslukerfið. Eftirtöldum spurningum er því ósvarað: Er markmiðið að koma í veg fyrir ítrekuð brot, eða er tilgangurinn að styrkja hóp af einstaklingum sem eru illa á vegi staddir og hafa litla félagslega færni? Eða er verið að gefa fangelsisvistinni innihald?

Niðurlag

Sjúkdómslíkanið sem byggist á því að þegar fíkn í efni nái tilteknu stigi verði hún skilgreind sem sjúkdómur hefur í mismiklum mæli mótað fíkniefnalöggjöf Norðurlanda og því leitt til ólíkra laga og framkvæmda. Niðurstaðan er því sú að löndin hafa farið mismunandi leiðir hvað varðar meðferðarúræði fyrir vímuefnaneytendur sem komast í kast við lög. Löggjöfin er ólík og framkvæmdin líka en vandinn er sá sami. Hvernig munu þá refsing og meðferð fléttast saman í framtíðinni? Einfaldasta spáin er að almenningur, fagfólk bæði í refsivörslukerfinu og meðferðargeiranum og stjórnmalamenn muni enn frekar en hingað til styðja kröfur um meðferð og fræðslu. Þessi hópar líta gjarnan svo á að vímuefnaneytendur séu fórnarlömb efnanna, fíkniefnasalanna og sjálfrá sín þ.e. þeir eru taldir vera fíklar. Þessi sýn á vímuefnaneytendur sem þolendur mun leiða af sér kröfur um meðferðar- og stuðningsúræði fyrir þennan hóp.

Ýmislegt bendir líka til þess að vímuefnaneytendur muni sjálfir í vaxandi mæli þrýsta á yfirvöld og opinberar stofnanir um þjónustu og meðferð. Bæði hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum hafa í mörg ár verið starfandi ýmiss konar sjálfhjálparhópar og félagskapur fólks með fötlun eða tiltekna sjúkdóma. Sum þessara félaga berj-

ast fyrir hagsmunum félagsmanna sinna en önnur hafa það fyrst og fremst að markmiði að efla samkennd og samhjálp félagsmanna innbyrðis. Í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð hafa á undanförunum árum verið stofnuð félög fólks sem notar eða hefur notað ólögleg vímuefni. Þótt þessi nýju „neytendafélög“ hafi mismundandi markmið og vilji fara ólíkar leiðir til þess að berjast fyrir stefnumálum sínum kynna þau sig sem talsmenn neytenda sem geti farið fram á þjónustu samfélagsins. Þau líta ekki á vímuefnaneytendur sem sjúklinga eða skjólstaðinga heldur sem neytendur sem vita



hvað kemur þeim best. Ekki er kunnugt um að slíkt félag sé starfandi hér á landi.

Bent hefur verið á að með því að skilgreina vímuefnanotkun sem fíkn sé verið að gera þau mistök að líta á vímuefnaneyslu sem sjúkdóm. Auðvelt sé að vinna á líkamlegri fíkn á meðferðardeildum en þegar einstaklingurinn kemur aftur í sitt umhverfi, fer að umgangast vini sem eru í neyslu og við blasir ömurleiki, heimilisleysi eða atvinnuleysi megi búast við því að allt fari í sama farið. Vímuefnaneyslan verður vandamál þegar henni fylgir útilokun frá samfélaginu og skortur á félagslegum úrræðum. Þannig sé fíkniefnaneysla fremur félagslegt vandamál en lækisfræðilegt. Þetta skýrir að hluta þann takmarkaða árangur sem hin umfangsmikla áfengismeðferð hér á landi hefur skilað.

Í spánni um mildari refsingar og meiri meðferð er rúm fyrir efasemdir og mót-sagnir. Ötrúlega margir hafa farið í meðferð vegna áfengis- og vímuefnaneyslu en neysla vímuefna, ólöglegra og þess löglegra, áfengis, hefur samt aldrei verið meiri og vandamálin aldrei flóknari. Fyrir fjórutíu árum var alþjóðleg samstaða um að ströng fíkniefnalöggjöf myndi stöðva neyslu ólöglegra vímuefna. Nú hafa æ færri trú á því að þessi stefna skili þeim árangri sem að var stefnt. Þess vegna eru margir að leita leiða til þess að

draga úr skaðsemi fíkniefnanna og við munum taka þátt í þeirri leit. Norðurlöndin hafa farið ólíkar leiðir og núverandi stefna er alls staðar í endurskoðun. Í Noregi hafa t.d. verið settar fram hugmyndir um sérstakan fíkniefnadómstól sem hefði það verkefni að dæma vímuefnaneytendur í meðferð í stað refsingar. Svíar eru að ræða kosti og galla þess að dæma vímuefnaneytendur til meðferðar þegar þeir hafa lokið afplánun í fangelsi. Slíkar tillögur sýna nauðsyn þess að huga enn og aftur að sígildum spurningum um samþættingu refsingar og meðferðar.

Heimildir

Aubert, Vilhelm (1958). Legal Justice and Mental Health. *Psychiatry*, 21: 101–113.

Hauge, Ragnar (2001). Behandling som alternativ til straff for rusmiddelbruker i Norge. Í *Skyldig eller sjuk? Om valet av påfølj for narkotikabrott*. Hildigunnur Ólafsdóttir (ritstj.). Helsinki: NAD-publikation 40, 59–78.

Hildigunnur Ólafsdóttir (ritstj.) (2001). *Skyldig eller sjuk? Om valet av påfølj for narkotikabrott*. Helsinki: NAD-publikation 40.

Kyvsgaard, Britta (2001). Strafferetlig ideologi og praksis i det 20. århundrede. Í *Skyldig eller sjuk? Om valet av påfølj for narkotikabrott*. Hildigunnur Ólafsdóttir (ritstj.). Helsinki: NAD-publikation 40, 107–120.

Porter, Angandona & Curran (1999). *Drug and Alcohol Dependence Policies, Legislation and Programmes for Treatment and Rehabilitation*. Geneva: World Health Organization.

Storgaard, Anette (2001). Behandlingsideologiens come-back i små portioner. Í *Skyldig eller sjuk? Om valet av påfølj for narkotikabrott*. Hildigunnur Ólafsdóttir (ritstj.). Helsinki: NAD-publikation 40, 173–182.

Svensson, Kerstin (2001). Straff och behandling, två delar av samma helhet. Í *Skyldig eller sjuk? Om valet av påfølj for narkotikabrott*. Hildigunnur Ólafsdóttir (ritstj.). Helsinki: NAD-publikation 40, 183–190.

Hildigunnur Ólafsdóttir er dr. philos. og sjálfstætt starfandi afbrotaræðingur í Reykjavíkur Akademiunni.

Mynd af greinarhöfund: Hreinn S. Hákonarson.



Námsgengi

og geðrænn vandi

fanga á skólaárum

Í janúar s.l., varði Ólafur Ólafsson meistara-prófsritgerð í uppeldis- og menntunarfræðum við Kennaraháskóla Íslands. Ólafur hefur fengist við sérkennslu um tuttugu ára skeið og einkum við kennslu nemenda sem átt hafa við hegðunar- og tilfinningalega erfiðleika að etja. Hann býr því yfir mikilli reynslu á þessu sviði og hefur með meistara-prófsritgerð sinni náð að flétta saman víðtækri reynslu og fræðilegri umfjöllun sem vekur ýmsar áleitnar spurningar. Hér er afar forvitnileg ritgerð á ferð og á hún erindi til allra er koma að málum fanga. Hún ætti að vera skyldulesning hjá öllum þeim er fjalla um skóla-og fangelsismál.

VERNDARBLAÐIÐ mun nú greina frá helstu þáttum ritgerðarinnar og niðurstöðum hennar.

Kveikjan að ritgerðinni var sú að höfundur hennar komst að því að nokkrir af fyrrverandi nemendum hans úr Dalbrautarskóla höfðu lent í fangelsi fyrir misalvarleg afbrot. Vissulega höfðu þeir átt við hegðunar- og tilfinningarleg vandamál að stríða sem olli þeim ýmsum erfiðleikum en hann taldi að alla jafna hefði tekist að leysa mál á friðsamlegan hátt þó það tæki nokkurn tíma. Hjá honum vaknaði spurning sem er megin-rannsóknarspurningin: *Eru tengsl milli gengis í skóla og fangelsisvistar?* Hann beindi kastljósi sínu í framhaldi af þessari spurningu að vissum þáttum eins og t.d. heildarlengd skólagöngu fanga, starfsréttindum þeirra, erfiðleikum sem áttu rót í tilfinningum, samskiptum og hegðun sem og námi. Þá skoðaði hann þá aðstoð sem þeir fengu við vanda sínum. Þannig beinist rannsókn hans annars vegar að menntun fanga og námsgengi í skóla og hins vegar að félagslegu gengi, líðan og geðrænum erfiðleikum á skólaárunum.

Upphaf ritgerðarinnar eru fræðilegar forsendur rannsóknarinnar þar sem hann hugar m.a. að fjölda fanga, aldri þeirra og menntun. Ræðir um afbrotahæðun al-

mennt, geðraskanir og tengsl þeirra við refsiverða háttsemi. Þá drepur hann á áhættu-hegðun unglunga. Síðan lýsir hann í öðrum kafla framkvæmd rannsóknarinnar eins og t.d. gagnaöflun með spurningalista, viðtölum við fanga, gögn frá skólum, áreiðanleika og réttmæti niðurstaðna, úrvinnslu o.s.frv.



Ólafur Ólafsson.

Áður en lengra er haldið er mikilvægt að huga að þátttakendum rannsóknarinnar. Á þeim tíma sem rannsóknin fór fram voru 82 fangar í afplánun og voru þeir á aldrinum 18–56 ára. Samanburðarhópurinn var valinn með slembiúrtaki úr þjóðskrá af þrefalt stærri hópi en rannsóknarhópurinn og með sömu aldursdreifingu og rannsóknarhópurinn. Svörun frá rannsóknarhópnum var 46% en 17% frá samanburðarhópi. Á þessum tíma voru tvær konur í fangelsi og voru þær ekki teknar með né heldur konur í samanburðarhópnum. Rannsakandi ræddi við

fimm fanga sem gáfu leyfi til að skoða gögn um sig í skólum þeim er þeir höfðu sótt.

Rannsakandi sendi út spurningalista sumarið 2000 og fylgdi honum eftir um haustið. Síðan vann hann úr þeim upplýsingum sem honum bárust.

Hætt var við eigindlegan þátt rannsóknarinnar þar sem hann hefði aukið mjög

umfang verksins frá því sem upphaflega var ráðgert.

Þriðji kafla ritgerðarinnar greinir frá niðurstöðum og eru þær kannski athyglisverðastar fyrir lesendur VERNDARBLAÐS-INS, eins og auga gefur leið.

Lengd skólagöngu

Meðallengd framhaldsskólagöngu fanga er tæpt 1 ár en rúm 3 ár hjá samanburðarhópnum. Tölfræðilega marktækur munur er á hópnum. Enginn fangi hafði stundað háskólanám en fjórtán höfðu gert það í

samanburðarhópnum. Skólaganga fanga er því verulega styttri en almennt gerist eða 10 ár en 15 ár hjá samanburðarhópnum. Grunnskólanámið er marktækt styttra hjá fongum en samanburðarhópi.

Lokapróf

Allir í samanburðarhópi luku sennilega grunnskólaprófi. Fimmtán fangar og tíu í samanburðarhópi voru í námi þegar könnunin var gerð. Ellefu af þeim sem ekki voru í námi nefna ekki próf til atvinnuréttinda. Þá hafa ellefu fangar ekki lokið grunnskólaprófi en allir í samanburðarhópi höfðu lokið því eða lengra námi. Þá hafa 8% (eða þrír fangar) lokið námi til starfsréttinda, 3% (eða 1 fangi) var með stúdentspróf og 13% (eða fimm fangar) með meirapróf og vinnuvélaréttindi samanborið við 53% (eða 22 fangar) með starfsréttindi í samanburðarhópi auk 17% (eða sjö fangar) með stúdentspróf. Meginniðurstaða: Fangar hafa minni skólagöngu og er tölfræðilega marktækur munur á hópunum.

Sérstakir námserfiðleikar

Um helmingi fleiri fangar telja sig hafa átt við lestrarerfiðleika að stríða en einstaklingar í samanburðarhópi. Þessi munur var enn meiri í stærðfræði. Þá telja mun fleiri fangar sig hafa þurft sérkennslu (eða 42% – en 21% fékk slíka kennslu) en samanburðarhópur (17% – en 14% fékk slíka kennslu). - Almennir erfiðleikar í námi eru algengari meðal fanga en samanburðarhóps og eykst munurinn eftir því sem liður á skólagönguna. Þá eru sérstakir námserfiðleikar í lestri og stærðfræði útbreiddari meðal fanga en almennt gerist. Munur er þó ekki tölfræðilegar marktækur nema í stærðfræðinni.

Hegðunarerfiðleikar

Spurt var um hegðunarerfiðleika og voru svarendur látnir meta það sjálfir. Þessari spurningu svöruðu 36 fangar og 40 í samanburðarhópnum. Þetta sjálfsmat leiddi fram að 65% fanganna töldu sig hafa verið erfiða en 22% í samanburðarhópi. Munurinn er tölfræðilega marktækur. Þá kemur í ljós að fongum gekk áberandi verst hvað hegðun snerti síðustu árin í skóla – þ.e.a.s. í lok grunnskóla eða byrjun framhaldsskóla þegar þeir voru um það bil að hætta skólagöngu. Hegðun samanburðarhópsins var erfiðust í lok skólagöngu sem var stutt (meðalskólaganga 12 ár). Erfið hegðun er bundin við ákveðna kennara í báðum hópum. Fangar nefna mun oftast heimilisvanda sem hluta af hegðunarerfiðleikum en samanburðarhópurinn og einnig félagana. Heimanám stundaði fjórð-



ungur fanganna en hinir ekki. Rannsakandi mat það svo út frá ákveðnum forsendum að 76% fanganna hefðu sýnt mjög erfiða hegðun á skólaárunum en 24% úr samanburðarhópnum. - Ljóst er að sterk tengsl eru á milli erfiðrar hegðunar og brottfalls úr námi – mun sterkari en milli námserfiðleika og brottfalls úr námi. Hjá fongunum kemur beinlínis fram að námserfiðleikar einir og sér hafi engin áhrif á lengd skólagöngunnar.

Geðrænir og tilfinningalegir erfiðleikar

Mun fleiri fangar hafa átt við slíka erfiðleika að etja en samanburðarhópurinn og er munurinn tölfræðilegar marktækur. Fleiri úr hópi fanga en samanburðarhópi telja sig hafa átt við ofangreinda erfiðleika að stríða þó ekki sé ljóst hvers eðlis þessir erfiðleikar hafi verið. Athyglisvert er að 36% fanganna fengu meðferð eða aðstoð við tilfinningalegum erfiðleikum sínum en 56% í samanburðarhópnum. Flestir fengu meðferð hjá sálfræðingum og læknum. Meðferð á stofnun fengu 29% fanganna en 5% í samanburðarhópnum. - Ljóst er að sterk tengsl eru milli veru í fangelsi og tilfinningalegra og geðrænna erfiðleika í æsku. Þegar rætt er um geðraskanir/geðræn vandamál er átt við ofvirkni, hegðunarröskun (CD: conduct disorder), andfélagslega persónuleikaröskun og geðklofa.

Meginniðurstaða

Menntun fanga er lítil, mjög margir eru virkir neytendur fíkniefna og áfengis, mjög fáir hafa starfsréttindi af nokkru tagi og margir glíma við geðrænna erfiðleika og eru með persónuleikaraskanir sem gera þeim erfitt fyrir í samskiptum. Af þessum sökum

sem og öðrum tengdum eru þeir í erfiðri stöðu til að heyja venjulega lífsbaráttu. - Höfundur telur út frá niðurstöðum rannsóknar sinnar og annarra að sá hópur sem er í mestri hættu að fara út á afbrotabraut sé greinanlegur strax á skólaaldri. Hann spyr síðan hverjir eru líklegir til að feta afbrotabraut í framtíðinni og nefnir í því sambandi nokkur hættumerki sem fram koma í skóla og hægt er að styðjast við:

- Ofvirkni með mótþróahegðun.
- Óásætlanleg hegðun.
- Geðrænir erfiðleikar.
- Slæm staða í námi.
- Er líklegur til að hætta í skóla.
- Er í vímuefnaneyslu.

Höfundur brýnir skólamenn til að vera vakandi og telur að hægt sé út frá núverandi upplýsingakerfi að finna marga sem eru í áhættuhópnum. Hann telur að unnt sé að fækka afbrotum með því að nýta skipulegar það stuðningskerfi sem nú þegar er fyrir hendi í skólunum ásamt því að auka forvarnarstarf og fjölga menntunarráðum fyrir nemendur með sérþarfir á framhaldsskólastigi ekki síður en á grunnskólastigi. Niðurstöður rannsóknarinnar bendi og til þess að ekki sé unnið nógu markvisst að forvarnarstarfi.

Hér hefur aðeins verið stiklað á stóru í þessari fróðlegu ritgerð Ólafs Ólafssonar, M.Ed. Þeir sem vilja kynna sér efni hennar nánar er bent á bókasafn Kennaraháskóla Íslands. Einnig er hægt að fá hana á bókasafni Litla-Hrauns.

Hreinn S. Hákonarson tók saman.
Mynd: Hreinn S. Hákonarson.

Á skólabekki í fangelsi

Ingi S. Ingason, kennslustjóri á Litla-Hrauni, hefur í mörg horn að líta þó að skólinn sé ekki stór hvað nemendafjölda snertir. En kannski er hlutverk þessa litla skóla stærra en annarra þegar upp er staðið og til framtíðar litið. Hann bendir þeim sem hrakist hafa af leið og hafnað í fangelsi á brautir mennta og þroska, gæfu-brautir. Nemendur koma úr ýmsum áttum og undirbúningur þeirra er oft afar ólíkur. Kennslustjórinn veitir nemendum góð ráð, er hlýr í fasi en fastur fyrir. Ingi er endá enginn nýgræðingur í starfi og hefur auk þess góða mannlega innsýn sem kemur honum að góð-um notum í skólastarfinu. Skóli í fangelsi er að sönnu skóli en hann er öðruvísi skóli vegna þess að nemendurnir eru ekki frjálssir menn. En andi þeirra er frjálss og þeir hafa frelsi til að læra. Það er allnokkuð.

Skólastarfið gengur vel fyrir sig

Fyrst er kennslustjórinn spurður að því hvað felist í starfi hans.

Kennslustjóri er staðgengill skólameistara og sér um samskipti nemenda við skólann á Selfossi og skipuleggur námið á Litla-Hrauni. Sjálfur kenni ég líka nokkrar greinar við skólann en kennarar eru þetta á bilinu átta til tíu á hverri önn. Allt eru þetta fagkennarar sem koma frá Fjölbrautaskól- anum á Selfossi.

Hve margir stunda nú nám við skólann á Litla-Hrauni?

Yfirleitt eru fleiri fangar sem innrita sig til náms á haustönn en þeir sem innrita sig á vorönn. Á þessari önn hafa um þrjátíu nemendur innritast og er fjöldi þeirra oftast á því bili. En virkir nemendur í skólanum eru mun færri – kannski í kringum fimmtán. Virkir nemendur síðast liðinn mánudag voru t.d. fjórtán. Nemendur eru allt frá því að vera í skólanum einn dag í viku og upp í það að vera í fullu námi. Yfirleitt er það um þriðj- ungur fangahópsins sem innritast og ríflega þriðjungur innritaðra sem tekur einhver próf.

Nú koma menn á ýmsum tímum í fangelsi. Geta þeir innritað sig í skólann strax og þeir koma?

Við veigrum okkur við að taka menn inn í skólann í upphafi annar ef þeir verða aðeins

fáeinar vikur í fangelsinu í ljósi þess að þeir munu ekki ná neinum skilgreindum áföng- um. Á sama hátt tökum við ekki menn inn í skólann eftir að fjórar vikur er liðnar af önn- inni. Það er meginregla en einstaka undan- tekningar eru auðvitað gerðar eins og t.d. þegar menn eru að koma úr öðrum skóla þegar þeir hefja úttekt og þá er reynt að halda áfram þar sem frá var horfið. Við reynum að bregðast við öllu sem upp kann að koma og greiða götu nemenda eftir því sem kostur er. Ef nemandi er t.d. að losna á miðri önn eða snemma á önninni (er kannski að fara á áfangageimili Verndar) og hyggst halda áfram í skóla þá kennum við honum svo áframhaldandi nám hans raskist sem minnst - um þetta eru nokkur dæmi þó ekki séu þau mörg.

Hvað felst í fullu fjölbrautaskólanámi?

Fullt nám á Litla-Hrauni þýðir að nemandi getur sótt átján kennslustundir á viku í helstu greinum eins og stærðfræði, dönsku, ensku, þýsku, íþróttum, grunnteikn- ingu, markvissri tölvunotkun, íslensku, raf- suðu og logsuða. Þá hefur aflvélavirkjun verið kennd sem og handa- og vélavinna málmiðna. Einstaka sinnum hafa menn sótt tíma í rennismiði á Selfossi því ekki er aðstaða til að kenna hana í skólanum á Litla-Hrauni. Þegar aðstöðuleysi hamlar frekari skólagöngu þá hefur í sumum tilvikum verið hægt að nota aðstöðuna á Selfossi og það er að sjálfsögðu gert í samvinnu við Fangelsis- málstofnun.



Hvað með kennslufyrirkomulag?

Það er með svipuðu sniði og í skólanum á Selfossi þó það dragi vissulega dóm af fang- elsisumhverfinu eins og skiljanlegt er. Þá gefur það auga leið að gert er ráð fyrir all-

nokkru sjálfsnámi. Venjubundið nám í framhaldsskóla eru rúmlega tuttugu klukku- stundir á viku. En lengd kennslustundar á Litla-Hrauni er ein klukkustund en ekki fjörutíu mínútur eins og víðast er. Kennslu- stofur eru þrjár og þar af ein sem eingöngu er notuð til tölvukennslu. Þess má geta til gamans að fyrsti vísir að tölvustofu varð til þegar fyrrum nemandi á Litla-Hrauni gaf fangelsinu peningagjöf til tölvukaupa. Draumurinn er sá að hægt verði að nota tölvurnar síðar meir til fjarnáms og vonum við að þess verði ekki langt að bíða. Margir námsáfangar í skólanum á Selfossi eru í námsumhverfi sem kallast Angel og minnir dálítið á WebCT sem Háskóli Íslands notar. Þetta kerfi er lokað starfsumhverfi inni á netinu og þar geta menn fengið verkefni sín og skilað þeim á gagnvirkan hátt til viðkom- andi kennara.


Sveigjanleiki og festa

Nú koma fangar misvel á vegi staddir inn í fangelsið. Hvernig bregst skólinn við því?

Við reiknum alltaf með því að geta veitt öllum nemendum á Litla-Hrauni hvernig sem þeir kunna að vera á vegi staddir ein- hverja úrlausn mála. Algengara er en ekki að nemendur hjá okkur hafi dottið út úr skólakerfinu á einhverjum tíma og t.d. ekki tekið samræmd próf. Sumir hafa haldið áfram námi að loknum samræmdum próf- um og eru jafnvel búnir að taka nokkra áfanga í framhaldsskóla þegar þeir koma hingað. Við bjóðum líka upp á nulláfanga eða U-93 eins og þeir kallast núna sem leggja grunninn fyrir nám í viðkomandi greinum og þó nokkur fjöldi fanga byrjar í þeim. Við búumst líka við því að hjá afar mörgum fari fyrsta önnin bara í það einfaldlega að læra aftur að læra; setja sig í stellingar eins og sagt er. Flestir hafa ekki komið lengi í skóla; kannski í hartnær tíu ár. Það tekur tíma að koma sér í form; sumir eru líka andlega misvel fyrir kallaðir til náms og svo eru aðrir að koma úr neyslu. Það er auðvitað erfitt að hefja nám við slíkar aðstæður.

Og hvenær eru prófin tekin?

Oftast nær í annarlök en við reynum að láta menn taka próf áður en þeir losna burt- séð frá því hvenær það svo sem er.



Ingí S. Ingason, kennslustjóri á Litla-Hrauni.

Prófin eru auðvitað tekin í mismörgum greinum; sumir taka aðeins próf í einni grein meðan aðrir eru með margar greinar í takinu. Prófafyrirkomulagið er sveigjanlegra á Litla-Hrauni en á Selfossi. Þá má geta þess að mönnum þykir erfitt að taka próf síðustu daga úttekta og sér í lagi þeir sem eru í sinni fyrstu úttekt - enda skiljanlegt að hugurinn leiti þá sterkar út fyrir fangelsið en endranær.

Mér finnst rétt að geta þess að sá sem stundar nám á Litla-Hrauni fær sín prófskrirteini eins og aðrir sem hafa verið í Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi og hvergi kemur fram að hann hafi stundað nám í útibúi skólans á Litla-Hrauni. Þetta er styrkur fyrir fangann þegar hann þarf að halda áfram námi og framvísa þessum plögnum.

Hve margir hafa tekið stúdentspróf frá skólanum á Litla-Hrauni?

Þeir eru væntanlega farnir að nálgast tuginn sem lokið hafa stúdentsprófi frá upphafi skólans hér. Nám til stúdentsprófs tekur yfirleitt um fjögur ár. Þeir sem koma hingað sitja ekki allir endilega í fjögur ár eða lengur; það er jafnan frumskilyrði að menn séu eitthvað byrjaðir í framhaldsskóla til að geta lokið stúdentsprófi á Litla-Hrauni. Þeir sem koma í fangelsið með langa dóma á bakinu eru ekki kannski alltaf í formi til að hefja nám umsvifalaust; stundum liður kannski eitt ár eða tvö þar til viðkomandi tekur við sér og telur sig tilbúinn. Skólinn á Litla-Hrauni kemur oft út sem nokkurs konar millistig; menn eru byrjaðir í námi, bæta við það á Litla-Hrauni og ljúka því svo annars staðar.

Nám og neysla fara ekki saman

Hvað hefur breyst mest til batnaðar í skólanum á Litla-Hrauni frá upphafi?

Ég held að eitt standi upp úr burtséð náttúrlega frá bættum húsakynnum. Það var mikil umbylting og bót fyrir skólahaldið þegar ákveðið var að gefa heimild til að vísa nemendum frá skóla sem voru í fíkniefna-neyslu. Það segir sig sjálft að mikil ókyrrð fylgir því í skóla ef nemendur eru í neyslu. Nám og neysla fara ekki saman – neysla er alltaf til óbóta. Þegar nemendur koma í skólann er þeim gert að undirrita ákveðið plagg þar sem þeir skuldbinda sig til að fara eftir þeim reglum sem gilda í skólanum. Átt er við almennar húsreglur og aðrar þær er gilda í fangelsinu. Þar kemur fram að greinist í líkamsvessum merki um fíkniefna-neyslu megi nemendurnir búast við því að vera vísað úr skóla á yfirstandandi önn eða eftir atvikum frá námi á næstu önn. Í einstaka tilvikum hefur verið litið til annarra atriða ef nemandi er að standa sig vel og hefur sýnilega verið að falla einu sinni og verið óheppinn; ef svo má að orði komast; að lenda í þvagprufumælingu og þá hefur hann fengið tækifæri til að halda áfram á önninni en þó og þá aðeins að hann hafi verið að standa sig vel í náminu fram að þeim tíma. Almenna reglan er sú að mönnum er vikið úr skóla ef þeir neita að gefa þvagsýni eða merki finnst um að fíkniefna hafi verið neytt.

Einhverjar tölur um fjölda þeirra sem vikið er úr skóla af þessum ástæðum?

Það er nú misjafnt frá önn til annar. Oftast nær er þetta einn til þrír nemendur; fara þess vegna stundum upp í fjóra til sex. Svo er líka annað. Nemendur sem vita sig fallna í neyslu – eru komnir í klær fíkniefnaðjöfalsins svo kallaða! – þeir ákveða þá að hætta sjálfir námi formlega eða án þess að segja sig formlega úr skóla. En vitaskuld er þessi ástæða ekki alltaf að baki þess að menn hverfa orðalaust úr skólanum.

Námsörðugleikar og góður námsárangur

Hvað er er að segja um helstu námsörðugleika nemendanna á Litla-Hrauni?

Við Fjölbrautaskóla Suðurlands eru starfandi sérkennarar. Þegar óskað er eftir sérkennara í skólann á Litla-Hrauni er orðið við þeirri beiðni. Kannað er hvort nemendur eigi við einhverja námsörðugleika að stríða eins og t.d. lesblindu. Athyglisbrestur og annað slíkt er einnig kannað. Þegar niðurstaða er fengin er leitað sértækra úrræða þegar svo reynist vera. Eitt af þeim er t.d. aðgengi að hljóðbókum Blindrabókasafnsins. Þó held ég að við fáum ekki í skólann hér nema fáa af þeim föngum sem átt hafa í hvað mestum vandræðum úti í hinum almenna grunnskóla.

Brot úr sögu skólahalds á Litla-Hrauni

Það hefur alltaf verið brýnt fyrir föngum að nota tímann vel í fangelsi. Liður í því er nám af ýmsu tagi. Formlegt skólahald í stærsta fangelsinu á Íslandi hófst ekki fyrr en seint á síðustu öld en Litla-Hraun tók til starfa 1929. Á fyrstu árum áttunda áratugarins á síðustu öld var föngum sagt til í föndri og þeim leiðbeint í smíðum. Nokkru síðar voru fengnir kennarar frá Barnaskólanum á Eyrbakka til að kenna föngum almenn fög en að baki bjó sú hugsun að seinna meir gætu þeir lokið einhvers konar iðnnámi. Einn starfsmanna fangelsisins var fullgildur log- og rafsuðumaður og kenndi hann föngum iðngrein sína. Þessi kennsla var síðar sett undir Iðnskólann á Selfossi og árið 1978 var iðnskóladeild formlega komið á fót á Litla-Hrauni. Þetta þýddi að skipulagt skólahald á framhaldsskólastigi var hafið þar. Ári síðar var ráðinn fastur kennari til að sinna kennslu í bóklegum greinum við skólann og auk hans kenndu þar kennarar frá Iðnskólanum á Selfossi. Fjölbrautaskóli á Selfossi var settur á laggirnar 1981 og þá fluttist skólahald á Litla-Hrauni undir hann sem og annað iðnnám á Selfossi. Alls fjórtán nemendur innrituðust fyrsta árið sem skólinn starfaði á Litla-Hrauni. Í upphafi skólahalds fengu nokkrir fangar sem voru komnir á dagóðan rekspöl í námi að stunda fullt nám á Selfossi sem var undir stjórn Fjölbrautaskólans. Voru þeir ýmist í dagskóla eða í öldungadeild. Með bættri aðstöðu á Litla-Hrauni hefur síðan einn og einn nemandi fengið að sækja nám til Selfoss hafi ekki verið unnt að sinna því í fangelsinu. Kennsluaðstaða á Litla-Hrauni var bágborin í fyrstu en úr rættist 1990 með nýju skólahúsnæði. Þar eru nú þrjár kennslustofur auk kennarastofu. Skólinn á Litla-Hrauni er ekki sjálfstæður skóli heldur útibú frá Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi. Kennslustjóri stýrir skólahaldi á Litla-Hrauni. Sveinn Ágústsson var fyrsti kennslustjórinn en Ingí S. Ingason tók við af honum formlega árið 1987 eftir að hafa leyst hann af haustið áður og hefur hann gegnt starfinu samfelld síðan að undanskildu einu ári þá hann var við framhaldsnám í Trier.

Hvað með námsárangur?

Námsárangur við skólann hér hefur verið nokkuð breytilegur og gjarnan misjafn frá önn til annar. Stundum kemur upp mikið kapp milli manna og metnaður gýs upp. En erfitt er að nefna tölur vegna þess að í okkar tilviki, deildinni á Litla-Hrauni, kemur oft fyrir að nemendur ganga úr skafti og þreyta ekki próf þó svo þeir hafi verið að standa sig þokkalega í skólanum. Þeir mæta bara ekki ef þeir telja sig illa undirbúna. Brottfall er hér hærra en gengur og gerist í framhaldsskólakerfinu þ.e.a.s. fjöldi innritaðra á önninni í samanburði við próftaka. Hins vegar er ánægjulegt að segja frá því að námsárangur þeirra sem taka próf er yfirleitt betri í skólanum á Litla-Hrauni en í Fjölbrautaskólanum á Selfossi.

Hvað veldur því að þeir ná betri árangri?

Vissulega hvarflar það að manni að þeir sem eru við nám í skólanum hér á Litla-Hrauni séu hér fyrst og fremst til að læra en ekki eins og stundum er í hinu almenna skólakerfi að nemendur eru þar bara til þess að vera einhvers staðar. Þetta er allavega mín tilfinning. Það er í raun og veru ekkert færra, sem glepur fyrir nemendum, sem eru í fangelsi, en þeim sem ganga um frjálsir. Stundum halda menn að fangar hafi allan heimsins tíma en þá gleymist að sólarhringurinn er alls staðar jafn langur. Samskipti við samfanga taka sinn tíma, menn spila, horfa á sjónvarp, stunda íþróttir í einhverjum mæli, sumir stunda lyftingar og aðrir rísla sér við eitt og annað. Það er alls staðar auðvelt að glepjust frá námi en menn geta líka nátturlega lokað sig af með bókunum ef þeir kjósa svo.

Verklegar greinar og aðbúnaður skólans

Eru hlutfallslega fleiri í verklegum greinum í skólanum en annars staðar?

Það er erfitt að segja til um. En þó er stutt síðan að einn lauk tréiðnaðarnámi og hafði sá reyndar lokið miklu af verklega þættinum áður en hann kom hingað.

Við höfum sannast sagna mjög lélega aðstöðu til verkmenntunar á Litla-Hrauni ef undan er skilin logsuðan og rafsúðan. Því miður eru þessar tvær greinar ekki lengur lögverndaðar starfsgreinar og ekki lengur til sem skilgreint iðnnám þó svo áfangar í þeim séu liður í námi á stálsmiðabraut. Aðeins fjórir til fimm geta verið í logsuðu og rafsúðunámi í senn á hverri önn á Litla-Hrauni vegna aðstæðna. Yfirleitt er biðlisti í þetta nám.

Þá hefur verið boðið upp á aflvélavirkjun sem er hluti af námi bifvélavirkja. Svo eru núna tveir nemendur í hand- og vélavinnu

málmiðna og sækja einu sinni í viku tíma í rennismiði til Selfoss – tvo tíma í senn.

Einnig vorum við með á sínum tíma s.k. pungapróf – þ.e.a.s. hið minna skipstjóra- og stýrimannapróf. Eitthvað á þriðja tug manna lauk því á sínum tíma og var það eina deild Fjölbrautaskóla Suðurlands sem bauð upp á þennan námsmöguleika. Ekki hefur verið hægt að bjóða upp á þetta nám nokkuð lengi á Litla-Hrauni vegna þess að námskröfur eru með þeim hætti að ekki er unnt að uppfylla þær á staðnum; mikinn tækjabúnað þarf nú orðið til að kenna þetta.

Hvernig er annars búið að skólanum?

Nú, skólinn er þokkalega búinn kennslugögnum. Ósk um að kaupa skjávarpa liggur frammi og vonum við að við henni verði orðið. Annars býr þessi deild skólans að mörgu leyti við þröngan fjárhagslegan stakk. Laun kennara eru greidd af menntamálaráðuneytinu en búnaður allur er greiddur af dómsmálaráðuneytinu. Fangelsið hefur orðið að fjármagna allan búnað til kennslu.

Námskostnaður

Hvað með kostnað nemenda, fanganna?

Hann telst kannski ekki mikill enda auraráð fanga alla jafna ekki mikil. Ólíkt því sem gerist í öðrum framhaldsskólum þurfa þeir ekki að kaupa námsbækurnar sjálfir því þeir fá þær lánaðar; fangelsið leggur mönnum til allar hefðbundnar kennslubækur en sumar eru auðvitað einnota bækur eins og gengur. Og engin skólagjöld eru greidd nema ef menn sækja nám sem ekki er í boði Fjölbrautaskólans. Sumir hverjir hafa sótt farnám til Verkmenntaskólans á Akureyri en það hefur verið erfitt vegna þess að nemandi þarf þá að hafa aðgang að internet-sambandi en hér er það ekki heimilt. Einn deildarstjóranna á Litla-Hrauni hefur verið þessum nemendum innan handar um að miðla efni milli V.M.A., og þeirra. Það er þá nám sem ekki er í boði á Litla-Hrauni. Það er ekki skólinn sem setur þennan hemil á notkun internetsins heldur fangelsisýfirvöld og virðum við þeirra sjónarmið í þessu efni eins og öðru. Skólinn starfar undir reglum fangelsisins en ekki öfugt. En skólinn hefur hins vegar óskað eftir internet-tengingu og mun málið vera í athugun.

Að kenna föngum

Gerir kennsla í fangelsisskóla meiri kröfur til kennara en önnur kennsla?

Frá því að ég hóf störf við skóladeildina á Litla-Hrauni árið 1982 hefur mér verið ljóst að öðruvísi er að ganga inn í kennslustofu hér en á Selfossi. Engir tveir nemendur eru eins. Auðvitað setur umhverfið sinn svip á

kennsluna eins og alls staðar. Mikilvægt er að virða nemendurna sem manneskur og kynnast þeim þannig. Þeir eru einmitt í skólanum til þess að bæta sig og leggja grunn að heiðvirðu lífi. Aðgát skal höfð í nærveru sálar hér sem annars staðar. En ég fullyrði að mönnum þykir gott að kenna á Litla-Hrauni. Sumir hafa kennt við skólann nokkuð lengi en aðrir skemur eins og gengur. Menn sækjast eftir því að fá að kenna hér áfram enda eru nemendur alla jafna frísklegir og námfúsir.

Nú hefur þú starfað hér í rúmlega tuttugu ár. Er einhver munur á nemendahópnum nú miðað við fyrstu ár þín við skólann?

Ég sé mikinn mun á skólahaldinu. Þessi munur kom gleggst fram eftir að fíkniefnin voru útlæg gerr úr skólanum eins og ég minntist hér á fyrr. Þá skapaðist betra andrúmsloft til kennslu; betri liðan nemenda og kennara. Þetta var um 1990. Sumir nemendur sem eru að koma í skólann nú voru kannski að taka út í fyrsta skipti í kringum 1990 og jafnvel fyrir þann tíma. Persónulega finnst mér margir hverjir hafi markvissari stefnu með skólavist sinni nú en þá. Vissulega eru líka til nemendur sem innrita sig við upphaf annar og ætla sér að gera góða hluti en heykjast á því áður en fyrsta vikan er á enda. Þá veltur maður því fyrir sér hvort hugur hafi fylgt máli – en þetta gerist nátturlega líka í öðrum skólum.

Sérstakir hegðunarerfiðleikar nemenda?

Nei, ég held að hegðun þeirra, já öll framkoma, í skólastofunni hér á Litla-Hrauni sé gegnumsneitt jafnvel betri en hinn almenni kennari kynnist annars staðar.

Er hvatning af skólans hálfu eða fangelsisýfirvalda til fanga um að stunda nám á Litla-Hrauni?

Fangar sem koma hingað á Litla-Hraun fá upplýsingar, lítinn bækling og þar er umsóknarblað um skólavist. Starfsmenn fangelsisýfirvalda benda föngum iðulega á skólann og sömuleiðis áður en þeir koma í afplánun. Sumir fangar hafa óskað eftir því að koma á Litla-Hraun til þess einmitt að komast í skólann. – Námsráðgjöf er á minni könnu og fer ég yfir stöðu mála með fanganum, námsbakgrunn, námsgetu, hvað ætlar nemandinn sér, er þetta liður í framhaldsnámi hjá honum eða ekki, útskýri námsmöguleika o.s.frv.

Hvernig gagnast svo skólinn föngunum?

Ég held að gagn skólans felist ekki síst í því að efla sjálfsvitund manna auk hinnar almennu menntunar. Núna er í fyrsta skipti kenndur áfangi sem heitir lífsleikni og hefur

hann gefist mjög vel. Nemendur hafa verið mjög ánægðir með hann og talið hann gera sér mikið gagn; sagt hann skapa sjálfsöryggi hjá sér og efla jákvæða ímynd sína. Menn hafa haft á orði að hann hefði átt að koma fyrr. Vissulega er þörf á kennslu í lífsleikni alls staðar en ekki síst á Litla-Hrauni.

Ísland og útlönd

Hvernig er staða þessara mála hér miðað við það sem gengur og gerist ytra?

Við reynum auðvitað að miða starf okkar við það sem er að gerast í löndum í kringum okkur. Ég hef kynnt mér fangelsisskólastarf í öðrum löndum á undanförunum árum eins og t.d. í Þýskalandi. Einnig hef ég sótt ráðstefnur E.P.E.A.(European Prison Education Association), annað hvert ár en það eru evrópsk samtök um menntun í fangelsum og eru studd af Evrópuráðinu. Þar bera menn saman bækur sínar um menntamál í fangelsum. Mér sýnist við standa okkur þokkalega. Smæðin er hvort tveggja í senn kostur og ókostur. Við getum ekki haft eins mikið námsframboð en kannski er hægt að sinna hverjum og einum nemanda þá betur. Hlutfall fanga í skóla hér hjá okkur er verulega hærra en í fangelsum annars staðar í Evrópu sem er mjög jákvætt.

*Viðtal: Hreinn S. Hákonarson
Mynd: Jón Sigurðsson*

Fangelsismálastofnun
Borgartún 7, 150 Reykjavík
Sími 5205000

Intis Internet á Íslandi
Dunhaga 5, 107 Reykjavík
Sími 5254950

Íþróttabandalag Reykjavíkur
Laugardalur, 104 Reykjavík
Sími 5535850

Vinna á Litla-Hrauni

Járnsmiðaverkstæði

Skrúfbútagerð (fittings), nokkur hliðsmíði, viðhaldsvinna og tilfallandi verkefni.

Fjöldi fanga við vinnu: 4–6 (að meðaltali 5)

Lengd vinnutíma: 8.45–12 og 12.30–15

Tímakaup: kr. 345

Trésmiðaverkstæði

Gluggavinna, litun og glerjun, fyrir S.G. á Selfossi, o.fl.

Fjöldi fanga við vinnu: 4

Lengd vinnutíma: 8.45–12 og 12.30–15

Tímakaup: kr. 345

Bílaþrif

Bílar þvegnir, hreinsaðir og bónaðir.

Fjöldi fanga við vinnu: 2

Lengd vinnutíma: 8.45–12 og 12.30–15

Tímakaup: kr. 345

Steypuskáli

Milliveggjaplötur steiptar og einnig holsteinn.

Fjöldi fanga við vinnu: 9

Lengd vinnutíma: 8.45–12 og 12.30–15

Tímakaup: kr. 345

Þvottahús

Rúmföt og fatnaður fanga þvegin og frágenginn.

Fjöldi fanga við vinnu: 3

Lengd vinnutíma: 8.45–12 og 12.30–15

Tímakaup: kr. 315

Öskjurgerð

Sérstakar skjalageymsluöskjur fyrir stofnanir og fyrirtæki límdar saman.

Fjöldi fanga við vinnu: 2

Lengd vinnutíma: 8.45–12 og 12.30–15

Tímakaup: kr. 345

Númeragerð

Skráningarnúmer á bíla framleidd.

Fjöldi fanga við vinnu: 2

Lengd vinnutíma: 8.45–12 og 12.30–15

Tímakaup: kr. 345

Þrif á deildum

Þær eru sjö talsins. Á hverri deild er s.k. deildarformaður sem sér um að allt sé þriflegt og vel um gengið.

Fjöldi deildarformanna (fanga): 7

Lengd vinnutíma: Þrif um 3 klst. á dag alla daga vikunnar

Tímakaup: kr. 280

Hreingerningar í íþróttahúsi (lyftingasal)

Fjöldi fanga í vinnu: 1

Lengd vinnutíma: 9–12

Tímakaup: kr. 280

Þrif í heimsóknaraðstöðu og öðrum stöðum er hálf starf

Lengd vinnutíma: 9–12

Tímakaup: kr. 280

Skóli

Fjöldi nemenda: 8

Laun: kr. 280 hver kennsustund (þó ekki fyrir fleiri en 5 klst. á dag)

Tvo mánuði á sumri stendur öllum til boða vinna við útstörf, drengur, hreinsun á fangelsislóð, gróður og annað tilfallandi. Sl. sumar voru að meðtali 10–12 menn í þessari vinnu og flestir 18. Þessi vinna var frá kl. 9–14.45 – Komu menn til vinnu t.d. aðeins fyrir eða eftir hádegi í tvær til þrjár klukkustundir þá fengu þeir ekki dagpeninga greidda.

Þá sinna þrír fangar almennri viðhaldsvinnu á húsum á fangelsissvæðinu á sumrin og er tímakaup kr. 315

Öll laun eru undanþegin skatti. Dagpeningar á viku kr. 580 (a.v.d.)

Um helmingur fanga er í vinnu eða skóla tíu mánuði ársins. Ætla má að aðeins fleiri séu við vinnu að sumarlagi þegar útvinna bætist við en þá er skóla lokið.

Hvað eru hinir að gera?

Vinnuframlag er takmarkað og því má ætla að ákveðinn hópur sé atvinnulaus; aðrir eru öryrkjar, ellilífeyrisþegar, óvinnufærir af ýmsum orsökum, sumir vilja ekki vinna. Þá er fönduraðstaða í fangelsinu og er hún notuð allnokkuð.

Launakjör

Launaupphæð er ákveðin af dómsmálaráðuneyti og er um fjórar upphæðir að ræða (280, 315, 345 eða 365 krónur) og ákveður Fangelsismálastofnun hvernig einstök störf eru launuð skv. reglugerð um vinnu, nám og dagpeninga til afplánunarfanga.

Vinna í fangelsum - til hvers?

Öll vitum við að vinnan er nauðsynleg og þarf ekki að hafa mörg orð um það í sjálfu sér. Fyrr var oft sagt að sá eða sú sem sæti aðgerðarlaus sæti undir sjö draugum og hampaði þeim áttunda. Aðgerðaleysi hefur því alla jafna verið alltaf talið rót hins illa. Atvinnuleysi er bøl sem kippir stoðum undir farsælu og heilbrigðu lífi fólks og stjórnvöld á öllum tímum vinna mót því með ýmsum ráðum.

Oft er sagt að manneskjan sé hin *vinnandi manneskja* og ekki bara homo sapiens, hinn viti borni maður. Samfélagið er hið vinnandi samfélag og það mótast að sönnu af því að allir sem vettlingi geta valdið eru að vinna. Það er í raun lykilatriði og kjarni efnahagslegrar undirstöðu samfélagsins. Þau sem ekki geta unnið af einhverjum sökum í þessu vinnandi samfélagi eru studd til framfærslu lögum samkvæmt enda á sam-

metna fær ekki mikla hvatningu til að sinna henni af kostgæfni þegar til launa er horft. Þaðan af síður sér hann eða hún sig metna sem manneskju sem mikils sé virði.

Stundum er sagt að vinnan göfgi manninn og margt er til í því. Hún eflir manneskjuna og getur verið styrk stoð í því að koma henni á réttan kjöl. Samfélag nútímans er magnað samfélag og býður upp ýmsa möguleika til vinnu og gildir nánast engu hvar menn eru í veröldinni staddir þegar þeir inna vissa vinnu af hendi á tölvuöld. Nettenging fangelsa er ekki hér til umræðu en hún mun örugglega stórauka vinnu- og námsmöguleika fanga þegar til framtíðar er litið. Brýnt er að huga að því með hvaða hætti slík tenging væri möguleg og hvaða takmarkanir skulu vera á henni.

Í fangelsi er nauðsynlegt að næga vinnu sé að fá og sem fjölbreytilegasta. Mikilvægt er að hún hafi einhvern tilgang í augum þess er henni sinnir sem og tilgang í sjálfu sér – gefi af sér fyrir einstaklinginn andlega sem og efnislega. Mörg dæmi eru úr fangelsissögu um vinnu sem var algerlega tilgangslaus og skipti ekki nokkru máli hvort hún var unnin eða ekki en þar sem mannaflí var í fangelsum þá var hann látinn streða t.d. við stigmylluna í breskum fangelsum en henni var ætlað að þreyta mannskapinn líkamlega. Þá var tilgangslaus skurðgröftur notaður víða í fangelsum sem leið til að þreyta fanga líkamlega. Vinna af þessu tagi var síðar aflögð meðal síðaðra þjóða því hún var talin vera mannfjandsamleg niðurlægning sem og til þess fallin að koma því inn hjá fongum að öll vinna væri vita tilgangslaus – að sama skapi gerði hún lítið úr starfi þeirra sem áttu að sjá til þess að hin tilgangslausa vinna væri unnin og þeir spurðu óhjákvæmilega sjálfa sig hver tilgangurinn væri eiginlega með þeirra eigin vinnu. Alvöruvinna í fangelsi undirbýr fangana betur undir komu út í hið frjálsa samfélag en ella og er því sterkur liður í endurbjálfun og endurhæfingu og ætti enn fremur að gera þá betur þess umkomna að standa sig úti í samfélaginu, hinu vinnandi samfélagi.

Nú er fangelsum oft sá vandi á höndum að vinnuaflið sem þar stendur til boða kemur úr ýmsum áttum og stendur mislengi




Járnsmíðaverkstæðið á Litla-Hrauni. Mynd: Jón Sigurðsson

Vinna er eins og rammi utan um lífið. Hún er háttbundinn gangur í hversdagleikanum og er þungamiðja hvers dags hjá vinnandi fólki. Fristundir mótast líka af vinnunni hvað það snertir að þær eru sem endurnæring og hvíld frá vinnunni til þess að geta haldið áfram að vinna og njóta lífsins eins og sagt er. Atvinna fólks og líðan þess á vinnustað styrkir ímynd þess og hugmyndir þess um sjálft sig – vinna er felagsskapur og eykur lífsgæði þeirra sem henni sinna. Fólkskynjar mikilvægi sitt í taktföstum gangi samfélagsins og veit að samfélagið þarf líka á því að halda. Öll vinna skilar einhvers konar arði – hvort tveggja til samfélagsins og til þess er innir hana af hendi. Ótalin er svo sá mikilvægi þáttur að vinna kallar á ábyrgð og metnað, vandvirkni og umhyggju. Hún kallar á samskipti og sveigjanleika í orði og verki.

félagið að vera mótað af umhyggju og velferð samkvæmt því sem m.a. stjórnmalahreyfingar hafa í stefnuskrám sínum.

Fangelsi er hluti af samfélaginu þó skýr markalína sé dregin í kringum það sem sýnir að það sker sig frá öðru í þessu hinu sama samfélagi en er þó hluti af því. Vinna hefur alltaf fylgt fangelsum allt frá fyrstu tíð. Sú vinna var svo sem ekki ætíð af hinu góða þar sem um var að ræða nauðungarvinnu og án alls arðs fyrir þá sem henni sinntu. Ýmist var vinnan partur af refsingunni eða hún fylgdi henni óhjákvæmilega – sovéska gúlagið er þekkt dæmi um nauðungarvinnu fanga í sögu nútímans. Rýr arður af vinnu hvaða nafni sem hún nefnist er sannarlega niðurlægjandi fyrir þann sem þiggur lúsarlausn fyrir ef þau eru þá í boði. Laun og sjálfsvirðing geta iðulega farið saman og sá eða sú sem telur vinnu sína til fárra fiska



Smíðaverkstæðið á Litla-Hrauni. Mynd: Jón Sigurðsson.



Úr þvottahúsi Litla-Hrauns. Mynd: Jón Sigurðsson.

við í fangelsinu. Fangarnir hafa að sjálfsögðu misjafnan bakgrunn hvað menntun snertir og vinnuástundun úti í hinu frjálsa samfélagi. Sumir fangar eiga t.d. við geðraskanir að stríða og vinnugeta þeirra er skert sem og annarra sem eru öryrkjar af ýmsum ástæðum. Því hefur það sjónarmið iðulega verið haft að leiðarljósi að vinnan þyrfti að vera það einföld að svo að segja allir fangar gætu komist fljótt inn í hana og lært rétt handtök sem fyrst. Þetta hefur valdið því að fangelsi hafa hyllst til að koma á fót vinnustöðum sem eru mjög einhæfir. Dæmi um þetta er hvers kyns vinna við að setja kort og bæklinga í umslög og poka – kortin eru t.d. talin og brotin saman í miðju, afhent næsta manni sem smeygir þeim í plastpoka og næsti heftir svo flipa á og þar næsti límir strikamerki á. Þannig er gerð *mannleg vél* ef svo má segja úr því verki að setja tíu eða tuttugu falleg jólakort í plastpoka sem hægt er að hengja á sölustand í búð. Margir fangar una sæmilega við vinnu af þessu tagi og aðra þvílíka bæði vegna þess að hún gefur smávegis í vasann og að auki veitir vinnustaðurinn útrás fyrir vissa félagsþörf – og hvort tveggja er jákvætt svo langt sem það nær. Aðrir telja hins vegar vinnu af þessu tagi vera sem hverja aðra niðurlægingu er fylgir fangelsisvistinni.

Nú má auðvitað segja sem svo að ef dæmdur hagfræðingur – svo dæmi sé tekið – er settur til slíkrar einhæfnisíðju í fangelsi þá sé augljóslega hvort tveggja í senn illa farið með menntun sem og að viðeigandi vinna sé ekki í boði fyrir hann í fangelsinu (með þessum orðum er ekki verið að gefa í skyn að viðkomandi fangi sé of finn til að sinna einhæfnisvinnu sem nefnd var hér að fram- an.) Þar í móti má segja að fangelsi geti sennilega seint boðið fongum með sérhæfða menntun vinnu við sitt hæfi nema í algjörum undantekningartilvikum. Vissulega hefur það gerst að menn t.d. með sérhæfða iðn-

menntun hafi fengið vinnu við sitt hæfi í fangelsum ýmist um lengri tíma eða skemmri. En vinna í fangelsum er nú um stundir almenn verkamannavinna, vinna sem krefst ekki mikillrar menntunar. Þá hafa fangar reyndar leyfi til að sækja sjálfir um vinnu sem getur verið háð því skilyrði að henni sé sinnt inni í klefa hjá viðkomandi fanga og að hún trufla ekki aðra starfsemi í fangelsinu. Alltaf er eitthvað um það að fangar nýti sér þessa heimild.

Oft standa fangelsisýfirvöld frammi fyrir þeim vanda sem er fangahópur er lítið hefur unnið um ævina ef þá nokkuð. Í sumum löndum hafa s.k. verkþjálfunarfangelsi verið sett á laggirnar. Þar hefur meginmarkmiðið verið að þjálfa menn til vinnu sem lengi munu dvelja í fangelsi. Þau hafa bæði gefið góða raun og slæma. Hugmyndin er auðvitað sú að kenna mönnum að vinna og draga fram samband vinnu og arðs, sýna að það getur verið ánægjulegt að vinna og í því sé ákveðin lífsfylling. Öll þjálfun tekur tíma og í flestum tilvikum tæki sérhæfð vinnuþjálfun alla jafna lengri tíma en þann sem viðkomandi þyrfti að sitja í fangelsi og yrði því að búa svo um hnúta að hann eða hún héldi áfram þjálfun að lokinni fangavist svo þar yrði ekki snöggur endir á strax við lok afplánunar. Þetta krefst að sjálfsögðu frumkvæðis stjórnvalda, skipulags og metnaðar. Þó væri ekki allt fengið með vinnuþjálfun innan fangelsis og utan. Félagslega staða margra fanga er fremur bágborin þegar út er komið jafnvel þó nokkuð vinnufúsir séu. Það er t.d. dýrt að leiga o.s.frv.

Ekki síst væri mikilvægur þáttur í almennri þjálfun að efla félagslega færni fanga sem þyrftu að bæta sig í því efni. Lífsleikni er t.d. ný kennslugrein á Litla-Hrauni og er hún dæmi um grein sem styrkir félagslega færni og er í raun öllum holl.

Nú er það öllum ljóst að margir þeirra sem í fangelsi sitja glíma við áfengis- og

vímuefnafíkn. Þessi fíkn truflar allt líf þeirra og hefur reyndar steipt því um koll í flestum tilvikum. Ekki er líklegt að sá fangi sem glímir við fíknina sé ætíð í standi til að sinna vinnu sinni. Það er auk þess varla hægt að gera ráð fyrir því að allir fangar séu mjög vinnusæknir meðan fíknin bankar sífellt upp á hjá þeim enda þótt töluverður kostnaður fylgi neyslunni og þeir þurfi á fjármunum að halda. Margur reynir þó að standa sig þrátt fyrir neyslu en vissulega er það morgunljóst að vinna og neysla fara ekki saman frekar en nám og neysla. Til þess að ná til þessa hóps þyrfti m.a. að setja á laggirnar meðferðar- deild í viðkomandi fangelsi sem væri fyrsta skref í endurhæfingu.

Lög gera ráð fyrir því að menn stundi vinnu í fangelsi. Í 13. gr. laga um fangelsi og fangavist frá 1988 nr. 48 19. maí stendur: *Í fangelsum skal vera aðstaða og tæki til fjölbreyttrar vinnu.* Þetta hljómar vel og er nokkuð sem allir geta verið sáttir við. Þessi er þá vilji laganna að vinnan sé fjölbreytt. Þegar litið er til þeirrar vinnu sem boðið er upp á t.d. á Litla-Hrauni kemur eftirfarandi í ljós: Númeragerð, þvottahús, steypuskáli, véla- verkstæði, bílaprif, trésmíðaverkstæði, öskju- gerð, og að sumri til margvísleg útistörf ásamt almennum þrífnaðarstörfum innan- húss allan ársins hring. Þetta er nokkuð fjölbreytilegt vinnutilboð og nánar er greint frá þessum vinnustöðum hér í Verndarblaðinu. Margir verkþáttanna í þessari vinnu eru að sönnu einhæfir en kannski er það alltaf matsatriði hvaða vinnu er hægt að afla þar sem einhæfnin er fjarri. Öll þessi vinna uppfyllir í það minnsta þau skilyrði að hún hefur markmið og er ekki tilgangslaus og niðurlægjandi.

Höfundur er fangaprestur þjóðkirkjunnar og formaður Verndar, fangahjálparinnar.

Listaverk gefin Vernd

Listamaðurinn Tolli (Þorlákur Morthens) kom í haust færandi hendi á áfangaheimili Verndar og gaf stórt málverk eftir sjálfan sig. Hér er um stórhöfðinglega gjöf og prýðir setustofuna á Laugateig. Önnur höfðingleg gjöf barst frá listamanninum Sævari Daníelsyni sem var einkar fallett verk úr einkasafni hans sem mun vekja marga til umhugsunar. Báðum þessum listamönnum kann Vernd hinar bestu þakkir og óskar þeim alls hins besta á listabraitinni.

Þakkað fyrir góð störf



Frú Áslaugu Cassata var afhent þakkarskjal frá Vernd fyrir áratuga langt velunnarastarf fyrir fangahjálpin Vernd. Hún hefur lengi setið í stjórn samtakanna og lagt þeim lið á ýmsan hátt. Frú Sigríður Heiðberg, varaformaður Verndar, afhenti henni þakkarskjalið. Frú Áslaug er hægra megin á myndinni sem Hreinn S. Hákonarson tók.

Fangavarðafélagið 30 ára

Um þessar mundir heldur Fangavarðafélagið upp á þrjátíu ára afmæli sitt. Starf fangavarða er vandasamt og ábyrgðarfullt. Vernd, fangahjálpi, óskar Fangavarðafélagi Íslands til hamingju með tímamótin.

Grill frá Olís

Olís gaf Vernd grill s.l. vor og hefur það að sjálfsögðu verið mikið notað. Þetta er hið vandaðasta grill og kann Vernd Olís bestu þakkir fyrir.

Fangakórinn

Stofnaður hefur verið kór fanga á Litla-Hrauni. Um tólf fangar skipa kórinn og von er á fleirum. Sr. Gunnar Björnsson æfir kórinn. Fangar eru afar ánægðir með þetta og kunna sr. Gunnari bestu þakkir fyrir.

Styrkur og nettenging

Menningarsjóður Íslandsbanka veitti Vernd styrk að upphæð kr. 250.000 Stjórn Verndar

hefur ákveðið að honum skuli m.a. varið til að koma nettengingu inn á öll herbergi á áfangaheimilinu. Íslandsbanka er þökkud þessi góða gjöf.

Vernd er vistvænt áfangaheimili

Áfangaheimili Verndar er vistvænt. Nú þegar er allur úrgangur á heimilinu flokkaður hvort heldur það er pappír, einnota umbúðir o.s.frv. eða lífrænn úrgangur en hann er sendur til Krýsuvíkur. Pétur Sigurðsson, matráðsmaður á Vernd, hefur haft forystu um málið og eru honum færðar þakkir fyrir. En aðrir hafa líka lagt hönd á plóg eins og t.d. Gyða hjá Sorpu sem leiðbeindi um framkvæmd alla. Þá hefur Vernd notið fjárhagslegs stuðnings í þessu verkefni frá Flutningatækni ehf., A. Karlsson hf., og umhverfisráðuneytinu. Öllum er að þessu góða máli komu færur við hinar bestu þakkir. Andvirði einnota gosdrykkjaumbúða er notað til góðra mála er nýttast vistmönnum og hafa því allir hag af þessu vistvæna átaki. Ekki má heldur gleyma því að í þessu er fylgið uppeldislegt gildi sem hvetur alla til að taka þátt í verndun náttúrunnar og gera sér grein fyrir mikilvægu hlutverki hvers og eins í því tilliti. Heimilismenn Verndar hafa staðið sig með prýði í allri flokkun. Þegar farið er úr vist á Vernd er aldrei að vita nema menn taki upp vistvæna stefnu á sínu eigin heimili!

Endurbætur á húsnæði

Miklum fjármunum eða um tveimur milljónum hefur verið varið síðustu mánuði til endurbóta á ýmsu á áfangaheimili samtakanna enda er húsnæðið rúmlega 500m² Flest gólf hafa verið dúka- eða tepplaögð sem og stigar. Endurnýjun á baðherbergjum stendur fyrir dyrum en það er mikið verk og getur valdið nokkrum óþægindum þar sem svo margir dvelja á áfangaheimilinu. Nokkur fyrirtæki hafa sýnt mikinn rausnarskap og gefið húsbúnað í nokkur herbergi. Sérstaklega skulu þakkaðar myndarlegar gjafir frá Valhúsgögnum, H.P. húsgögnum og AXIS

Góðir bakhjarlar

Ýmis fyrirtæki og einstaklingar hafa stutt Vernd bæði með góðum ráðum og fjárhagslega og færur við þeim innilegar þakkir fyrir. Þetta eru meðal annars: Birgir hjá Glæði á Kirkjubæjarklaustri, Árni Geir hjá Lýsi hf., Pálmar kartöflubóndi, Rögnvaldur í Korninu og hann Þórður hjá Ferskum kjötvörum. – Eins og getið var um í síðasta Verndarblaði þá styrktu Jónar Transport og Samskip áfangaheimili Verndar vegna endurnýjunar á borðbúnaði og áhöldum. Penningastyrkur frá Rekstrarvörum gerði okkur

kleift að ljúka því svo sómi var af. Enn og aftur: Kærar þakkir!

Réttindi, styrkir og námskeið á Vernd

Í samvinnu við verkalyðshreyfinguna (Starfsafl og Landsmennt) hefur verið samþykkt að fangar haldi áunnum réttindum sínum til framlaga úr menntunarsjóðum félaganna. Þetta þýðir að fangar geta leitað strax til verkalyðsfélaganna þegar þeir koma á Vernd og sótt um styrki í þessu skyni. Ennfremur hefur hreyfingin með atbeina starfsmenntasjóðs síns aflað fjár til að standa straum af fyrirhuguðu námskeiðahaldi á vegum Verndar og Mímis. Að þessu máli hafa öðrum fremur komið þeir Aðalsteinn Baldursson frá Verkalyðsfélagi Húsvíkur og Garðar Vilhjálmsson frá Eflingu, stéttarfélagi. Hafi þeir hinar bestu þakkir fyrir skilning sinn á málefnum og dugnað fyrir að koma því í höfn. - Ráðgert er að halda tvö námskeið fyrir júl. Fyrri námskeiðið verður vonandi um framandi matargerð og það seinna verður konfektgerðar-námskeið fyrir jólin! Hugmyndabanki hefur verið stofnaður og með því móti geta heimilismenn haft bein áhrif á til hvaða námskeiða verður stofnað í framtíðinni.

Úr reglugerð um vinnu, vinnu- og námslaun

Úr 1. gr.: Fanga ber að stunda vinnu. Forstöðumaður fangelsis ákveður hvaða vinnu fanga er falið að sinna. Við komu í fangelsi skal kynna fanga hvaða vinna stendur til boða. Við ákvörðun um til hvaða starfa fangi er settur skal taka tillit til aðstæðna hans og óska, eftir því sem unnt er.

Úr 3. gr.: Fangi sem óskar sjálfur að útvega sér vinnu skal sækja um það skriflega til forstöðumanns fangelsis. Forstöðumaður getur samþykkt slíka beiðni enda geti fangi sinnt slíkri vinnu þannig að það trufla ekki aðra starfsemi í fangelsi eða í klefa sínum. Forstöðumaður getur sett það sem skilyrði fyrir slíkri vinnu að fangi geti sinnt henni í klefa sínum.

4. gr.: Fangi skal eiga kost á því að stunda nám eða starfsþjálfun. Í upphafi fangelsisvistar skal kynna honum rétt hans til náms og námsmöguleika.

7. gr.: Fyrir hverja unna klukkustund skal greiða fanga 280, 315, 345 eða 365 krónur. Tímakaup fer eftir eðli starfs og ákveður Fangelsismálastofnun hvernig launa beri einstök störf. Hæsta tímakaup skal einungis greiða þeim er sinnir flokksstjórn. Fangi í námi fær 220 krónur fyrir hverja kennslustund, en þó ekki fyrir fleiri kennslustundir en 5 á dag.

Vernd þakkar stuðninginn!

Aftækni ehf. • Bárustíg 5 • 101 • Reykjavík
Akureyrarkirkja • Box 442 • 602 • Akureyri
AM Praxis • Sigtúni 42 • 105 • Reykjavík
Antikmunir sf. • Klapparstíg 40 • 101 • Reykjavík
Aseta hf. • Ármúla 16 • 108 • Reykjavík
Austurbakki hf. • Köllunarklettsvegi • 104 • Reykjavík
Axel Gústafsson ehf. • Suðurgötu 7-9 • 300 • Akranes
Ágúst J. Gunnarsson • Reykjavíkurvegi 66 • 220 •
Hafnarfjörður
Árneshreppur • 524 • Norðurfjörður
Árnesprófastdemi • Túngötu 20 • 820 • Eyraðakki
Árvík hf. • Garðatorgi 3 • 210 • Garðabær
Ásbyrgi Flóra • Frostagötu 2a • 603 • Akureyri
Bedco og Mathiesen • Bæjarhrauni 10 • 220 •
Hafnarfjörður
Betra Líf • Kringlunni 4-6 • 103 • Reykjavík
Bifreiða- og réttingarverkstæði • Smiðjuvegi 20 • 200 •
Kópavogur
Bifreiðastöð Þórðar • Dalsbraut 6 • 300 • Akranes
Bifreiðaverkstæði • Smiðjuvegi 14 • 200 • Kópavogur
Bifreiðaverkstæði Harðar • Vesturvör 23 • 200 •
Kópavogur
Bilabræður ehf. • Skemmuvegi 26 • 200 • Kópavogur
Bílbót sf. • Bolafót 3 • 260 • Njarðvík
Björnsbakari hf. • Klapparstíg 3 • 101 • Reykjavík
Blikkás ehf. • Skemmuvegi 36 • 200 • Kópavogur
Blikksmiðja Harðar • Eldshöfða 15 • 112 • Reykjavík
Blómaval hf. • Sigtúni 40 • 105 • Reykjavík
Borgarbyggð • Borgarbraut 11-13 • 310 • Borgarnes
Bortækni ehf. • Tangarhöfða 6 • 112 • Reykjavík
Bókasafn Garðabæjar • Garðatorgi 7 • 210 • Garðabær
Bókasafn Reykjaneshæjar • Hafnargötu 57 • 230 • Keflavík
Braudhúsið ehf. • Efstalandi 26 • 108 • Reykjavík
Bændasamtök Íslands • Bændahöllinni • 107 • Reykjavík
Dýri ehf. • Grundarstíg 5 • 415 • Bolungarvík
Eignamiðlunin • Síðumúla 21 • 108 • Reykjavík
Efling, stéttarfélag • Sætúni 1 • 105 • Reykjavík
Eldhestar ehf. • Völlum • 810 • Hveragerði
Endurskoðun og reiknishald • Bildshöfða 12 • 112 •
Reykjavík
Endurvinnslan • Knarrarvogi 4 • 104 • Reykjavík
Esso-Oliufélagið • Básaskersbryggju • 900 •
Vestmannaeyjar
Fasteignasalan • Fjarðargötu 17 • 220 • Hafnarfjörður
Faxavélar hf. • Funahöfða 6 • 112 • Reykjavík
Feró sf. • Steinaseli 6 • 109 • Reykjavík
Félagsþjónustan í Kópavogi • Fannborg 4 • 200 •
Kópavogur
Fjarhitun hf. • Borgartúni 17 • 105 • Reykjavík
Fjölbrautaskóli Suðurlands • Tryggvagötu 25 • 800 •
Selfoss
FöniX hf. • Hátúni 6a • 105 • Reykjavík
Garðasókn • Safnaðarheimilið • 210 • Garðabær
Gerðahreppur • Melbraut 3 • 250 • Garður
Gesthús Dúna • Suðurhlíð 35d • 105 • Reykjavík
Gistiheimilið Syðra-Langholt • Syðra-Langholt • 845 •
Flúðir
Glerberg ehf. • Dalshrauni 5 • 220 • Hafnarfjörður
Glerverksmiðjan Íspan • Smiðjuvegi • 200 • Kópavogur
Goldfinger • Smiðjuvegi 14 • 200 • Kópavogur
Grænn kostur • Skólavörðustíg • 101 • Reykjavík
GSK ehf. • Box 1737 • 121 • Reykjavík
H.Á. Teiknistofa • Dalsbraut 1 • 600 • Akureyri
Haraldur Böðvarsson • Bárugötu 8-10 • 300 • Akranes
Henson Sport • Brautarholti 8 • 105 • Reykjavík

Héraðsbókasafn • Hafnarbraut 36 • 780 • Höfn í
Hornafirði
Héraðsbókasafn • Faxatorg • 550 • Sauðárkrúkur
Hitastýring hf. • Þverholti 15a • 105 • Reykjavík
Hitaveita Egilsstaða • Heimatúni 2 • 700 • Egilsstaðir
Hitaveita Suðurlands • Brekkustíg 36 • 260 • Njarðvík
Hjálparstarf kirkjunnar • Vatnsstíg 3 • 150 • Reykjavík
Hjólbarðaviðgerð • Dalbraut 14 • 300 • Akranes
Hlíð sf. • Haukabæ • 601 • Akureyri
Holtaprestakall • Holti • 861 • Hvolsvöllur
Hópfæðabílar • Laufbrekku 2 • 200 • Kópavogur
Hringbrautarþótekk • Hringbraut 119 • 107 • Reykjavík
Hugver • Laugavegi 168 • 105 • Reykjavík
Húsagerðin • Hólmgarði 2 • 230 • Keflavík
Húsasmiðjurinn • Hyrjarhöfða 6 • 112 • Reykjavík
Húsavíkurkaupstaður • Ketilsbraut 9 • 640 • Húsavík
Húsgögn ehf. • Gilsbúð 3 • 210 • Garðabær
Höfðakaffi • Vagnhöfða 11 • 112 • Reykjavík
Hörður Lárusson • Síðumúla 14 • 108 • Reykjavík
Innri Akraneshreppur • Ytra Hólmi • 301 • Akranes
Ísfélag Vestmannaeyja • Strandvegi 28 • 900 •
Vestmannaeyjar
Íslandsspill • Smiðjuvegi 11a • 200 • Kópavogur
Íslenska útlutningsmiðstöðin • Síðumúla 34 • 108 •
Reykjavík
J.S. Bilaleiga • Lækjarsmára • 200 • Kópavogur
Jakob Valgeir ehf. • Grundarstíg 5 • 415 • Bolungarvík
Jarðvélar sf. • Grundarási 4 • 110 • Reykjavík
Jeppasmiðjan Ljónsstaðir • Sandvíkurhreppi • 801 •
Selfoss
Johan Rönnung hf. • Sundaborg 15 • 104 • Reykjavík
Kaffitár • Stapabraut 7 • 260 • Njarðvík
Karl Kristmanns heildverslun • Ofanleiti 15 • 900 •
Vestmannaeyjar
Kaupfélag Skagfirðinga • Ártorgi 1 • 550 • Sauðárkrúkur
Keflavíkurkirkja • Kirkjuvegi 25 • 230 • Keflavík
Knarrareyri hf. • Garðarsbraut 18 • 640 • Húsavík
Kópavogsbær • Fannborg 2 • 200 • Kópavogur
Krosshús • Miðgarði 2 • 240 • Grindavík
Kumbaravogur • Kumbaravogi • 825 • Stokkseyri
Kvótabankinn • Heiðarlundi 1 • 210 • Garðabær
Langanes hf. • Skólagarði 6 • 640 • Húsavík
Lindin, kristilegt útlit • Krókhálsi 4 • 110 • Reykjavík
Litla kaffistofan • Svinavatni • 810 • Hveragerði
Lögfræðistofa • Austurstræti 10a • 101 • Reykjavík
Lögfræðistofa Arnars • Barónstíg 21 • 101 • Reykjavík
Lögreglan í Reykjavík • Hverfisgötu 113-115 • 150 •
Reykjavík
Markaðsnefnd mjólkuriðnaðarinnar • Bitruhálsi 2 • 110 •
Reykjavík
Málmsteypa Ámunda • Skipholti 23 • 105 • Reykjavík
Mjólkurbú Flóamanna • Austurvegi 65 • 800 • Selfoss
Námsflokkar Reykjavíkur • Frikirkjuvegi 1 • 101 •
Reykjavík
Nesráðið • Síðumúla 19 • 108 • Reykjavík
Nonnabiti • Hafnarstræti 18 • 101 • Reykjavík
Nýsír hf. • Flatahrauni 3a • 220 • Hafnarfjörður
Orkubú Vestfjarða • Stakkanesi 1 • 400 • Ísafjörður
Ólafur Þósteinsson ehf. • Vatnagörðum 4 • 104 • Reykjavík
PharmaNor hf. • Hörgatúni 2 • 210 • Garðabær
Radióverkstæði • Einholti 2 • 105 • Reykjavík
Raförnninn ehf. • Suðurhlíð 35 • 105 • Reykjavík
Ragnar Tómasson • Skútuvogi 13 • 104 • Reykjavík
Reykjaneshær • Tjarnargötu 12 • 230 • Keflavík
Reykjavíkurhöfn • Hafnarhúsinu • 101 • Reykjavík

Ræsir • Skúlagötu 59 • 105 • Reykjavík
SBS innréttingar • Hyrjarhöfa 3 • 112 • Reykjavík
Selfossveitur • Austurvegi 67 • 800 • Selfoss
Siglufjarðarkaupstaður • Gránugötu 24 • 580 •
Siglufjörður
Sigurður Sveinsson • Hlíðarvegi 1 • 400 • Ísafjörður
SÍBS • Síðumúla 6 • 108 • Reykjavík
Sjómannafélag Reykjavíkur • Skipholti 50d • 101 •
Reykjavík
Skefjar hf. • Laugavegi 182 • 108 • Reykjavík
Skinney-Þinganes • Krosseyarvegi 1 • 780 • Höfn í
Hornafirði
Smith og Norland • Nóatúni 4 • 105 • Reykjavík
Sólheimar í Grímsnesi • Grímsneshreppi • 801 • Selfoss
Spennubreytar • Trönuhrauni 5 • 220 • Hafnarfjörður
SR Vélaverkstæði • Box 215 • 580 • Siglufjörður
Staðarprestakall • Staðarstað • 355 • Ólafsvík
Stafholtsprestakall • Stafholti • 311 • Borgarnes
Suzuki bílar hf. • Skeifunni 17 • 108 • Reykjavík
Sýslumaðurinn á Akranesi • Stillholti 16-18 • 300 •
Akranes
Sýslumaðurinn á Húsavík • Útgardi 1 • 540 • Blönduós
Sýslumaðurinn í Keflavík • Vatnsnesvegi 33 • 230 •
Keflavík
Söngmálastjórn • Grensáskirkju • 108 • Reykjavík
Tannlæknastofa Árna • Grensásvegi 16 • 108 • Reykjavík
Tannlæknastofa Ragnars • Grensásvegi 16 • 108 •
Reykjavík
Teiknistofan Torgið • Ármúla 36 • 108 • Reykjavík
Tor ehf. • Eyrratröð 13 • 220 • Hafnarfjörður
Trésmiðja Guðna • Másseli • 700 • Egilsstaðir
Tryggingastofnun ríkisins • Laugavegi 114 • 150 •
Reykjavík
Veidafærásalan Dímón • Austurbugt 5 • 101 • Reykjavík
Veitingasalan • Ekkjufelli • 701 • Egilsstaðir
Verkalýðsfélag Vestfirðinga • Pólgötu 2 • 400 • Ísafjörður
Verslunarmannafélag Reykjavíkur • Kringlunni 7 • 103 •
Reykjavík
Verslunarmannafélagið • Selási 11 • 700 • Egilsstaðir
Vélasalan ehf. • Ánanaust 11 • 101 • Reykjavík
Vélsmiðja Einar Guðbrandssonar • Funahöfða 14 • 112 •
Reykjavík
Þýðingar og túlkun • Vesturgötu 24b • 300 • Akranes
Ömmubakstur • Kársnesbraut 96 • 200 • Kópavogur
Öryrkjabandalagið • Hátúni 10 • 105 • Reykjavík

Héðinn ehf

Stórásí 6 • 210 Garðabær
Sími 569 2100

BÓNUS byrja bein

Allar vörur í Bónus eru á besta fáanlegu verði!

Jólin byrja í Bónus...

EKKERT BRUÐL

BÓNUS

Sjá vikutilboð Bónus á bonus.is

pitt eigið

Kaffihús

Magic



BJÓDDU VINUM
PÍNUM Í HEIMA-
Kaffihús

Magic  **Saeco**

EXPRESSO - CAPPUCCINO

Kaffivélarnar mala og laga alla vinsælustu kaffi-
drykkina á augabragði eins og á bestu kaffihúsum

VIENNA



Fjölbreytt úrval bolla
og fylgihluta



SUPER IDEA



Verð frá kr.14.155.- stgr.



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Símar: 520 7901 & 520 7900 • www.ef.is

